



Baráttan við fjórflokkinn
Markmið nýrra framboða á Íslandi

Eiríkur Guðmundsson

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Félagsvísindasvið

Október 2013



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Baráttan við fjórflokkinn
Markmið nýrra framboða á Íslandi

Eiríkur Guðmundsson

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Leiðbeinandi: Svanur Kristjánsson

Stjórnmálafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Október 2013

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Eiríkur Guðmundsson 2013

180785-2729

Reykjavík, Ísland 2013

Útdráttur

Í þessari ritgerð eru fimm lítil framboð á Íslandi skoðuð, og reynt að finna út hver markmið þessara framboða voru út frá kenningu Anthony Downs um nýja stjórn mála flokka. Skoðuð verður saga framboðanna og hugmyndafræði þeirra og stefnur. Kenning Downs gengur út á að nýjir flokkar eða framboð hafi tvö markmið; annað hvort að vinna kosningar til að komast í valdastöður eða að þrýsta á breytingar með einhverjum hætti. Einnig er lítillega skoðað hvort að það sé eitthvað sem sameini þessi framboð sem eru; Þjóðveldismenn, Þjóðvarnarflokkurinn, Framboðslistinn, Samtök um Kvinnalista og Frjálslyndi flokkurinn.

Helstu niðurstöður eru þær að framboðin sem um er fjallað myndu flokkast sem ný framboð sem vilja þrýsta á breytingar í samfélaginu með einhverjum hætti. Engin þeirra hafa tekið þátt í ríkisstjórnarsamstarfi, en þó eiga þau ýmislegt annað sameiginlegt. Framboðin hafa öll á einhvern hátt barist fyrir lýðræðisumbótum. Þá hefur fjórflokkurinn tekið upp stefnu þeirra flokka sem setið hafa á Alþingi, að einhverju leyti.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Efnisyfirlit.....	4
Töfluskra.....	5
Inngangur.....	6
1. Þróun flokkakerfisins á Íslandi.....	7
2. Kenningakafli.....	9
3. Þjóðveldismenn.....	15
3.1 Saga Þjóðveldismanna.....	15
3.2 Hugmyndafræði og stefna Þjóðveldismanna.....	18
4. Þjóðvarnarflokkur Íslands.....	23
4.1 Saga Þjóðvarnarflokksins.....	23
4.2 Hugmyndafræði og stefna Þjóðvarnarflokksins.....	29
5. Framboðsflokkurinn.....	33
5.1 Saga Framboðsflokksins.....	33
5.2 Hugmyndafræði og stefna Framboðsflokksins.....	34
6. Samtök um Kvinnalista.....	38
6.1 Saga Kvinnalistans.....	38
6.2 Hugmyndafræði og stefna Kvinnalistans.....	41
7. Frjálslyndi flokkurinn.....	45
7.1 Saga Frjálslynda flokksins.....	45
7.2 Hugmyndafræði og stefna Frjálslynda flokksins.....	49
8. Niðurstöður.....	52
Heimildaskrá.....	55
Fylgiskjal 1.....	60

Töfluskra

Tafla 1.1 Framboð utan fjórflokksins sem fengið hafa yfir 1% fylgi í alþingiskosningum frá árinu 1930	13
---	----

Inngangur

Íslenska flokkakerfið hefur lengi verið þannig að fjórir flokkar fá stærstan hluta atkvæða í alþingiskosningum, svokallaður fjórflokkur. Þrátt fyrir yfirburði fjórflokksins hafa reglulega boðið fram flokkar og framboð, sem sum hver hafa náð einstaklingum inn á þing. Þrátt fyrir að fáir þeirra hafi setið í ríkisstjórn, hafa þeir ekki endilega verið litlir og sumir jafnvel haft nokkur áhrif. Þessir flokkar hafa í daglegu tali verið kallaðir „fimmti flokkurinn“. Í þessari ritgerð verða skoðuð fimm af þeim framboðum sem hafa á einhverjum tímapunkti boðið fram í alþingiskosningum, með misjöfnum árangri. Skoðuð verður saga þeirra og hugmyndafræði út frá kenningum Anthony Downs um markmið nýrra stjórnmálaflokka. Þessi fimm framboð eru: Þjóðveldismenn, Þjóðvarnarflokkurinn, Framboðsflokkurinn, Samtök um Kvinnalista og Frjálslyndi flokkurinn. Þessi framboð eru valin vegna þess að þau dreifast nokkuð jafnt, tímalega séð, yfir síðustu 70 ár. Þau virðast við fyrstu sýn vera nokkuð ólík og væri því hægt að staðsetja þau nokkuð dreift á hin dæmigerða vinstri-hægri skala. Einnig er áhugavert að skoða hvað sé líkt með framboðunum. Er eitthvað sem ný framboð á Íslandi eiga sameiginlegt?

Ritgerðin skiptist í nokkra kafla. Fyrst verður farið stuttlega yfir þróun íslenska flokkakerfisins. Næstur er fræðilegi hluti ritgerðarinnar, þar sem m.a. verður gert grein fyrir kenningum Downs. Síðan verður farið yfir þau framboð sem nefnd voru hér að framan, og að lokum verða niðurstöður ritgerðarinnar teknar saman í einn kafla. Í honum fæst vonandi svar við þeirri spurningu hvort að markmið nýrra framboða á Íslandi hafi verið að komast til valda eða þrýsta á breytingar innan kerfisins.

1. Þróun flokkakerfisins á Íslandi

Íslenska flokkakerfið mótaðist á árabílinu 1916 til 1942, en á þeim tíma voru flokkar stofnaðir sem áttu eftir að vera lengi við lýði, og eru það jafnvel enn. Framsóknar- og Alþýðuflokkur voru stofnaðir 1916, Sjálfstæðisflokkurinn árið 1929 og Kommúnistaflokkurinn ári seinna. Hann átti svo þátt í að stofna Sósíalístaflokkinn árið 1938.¹ Síðar átti Alþýðubandalagið eftir að koma til sögunnar, fyrst sem kosningabandalag Sósíalístaflokksins og stuðningsmanna Hannibals Valdimarssonar, en loks sem stjórnmalaflokkur árið 1968.² Eftir alþingiskosningarnar 1942 má segja að kjörfylgi flokkanna hafi breyst lítið næstu 30 ár. „Sjálfstæðisflokkur var stærstur (37-42% atkvæða), Framsóknarflokkurinn næststærstur (22-28%), Sósíalístaflokkurinn þriðji (15-19%) og Alþýðuflokkurinn rak yfirleitt lestina (13-18%).“³

Flokkarnir sóttu fylgi sitt og áttu í nánú sambandi við ákveðnar stéttir. Sjálfstæðisflokkurinn átti breiðastan stuðning allra stétta meðal flokkanna, en þó aðallega meðal atvinnurekenda, sem hann var í góðu sambandi við, og millistéttar í bæjum. Einnig voru hlutar verkalýðsstéttarinnar og bænda á bandi flokksins. Framsóknarflokkurinn var sterkastur meðal bænda og hinir flokkarnir sóttu fylgi sitt til verkalýðsstéttarinnar.⁴

Á sjöunda áratugnum kom upp alvarleg kreppa innan flokkakerfisins sem var að miklu leyti tilkomin vegna breytinga á hagkerfinu og samfélaginu. Á opinberum vettvangi kom fram ágreiningur um hlutverk ríkisvaldsins og var sá ágreiningur innan flokkanna frekar en á milli þeirra. Þannig höfðu kjósendur ekki val í kosningum á milli stjórnmalaflokka með andstæðar hugmyndir. Einnig hafði flokkunum mistekist að móta stefnu í málefnum þjóðarinnar til langs tíma. Þetta hafði í för með sér erfiðleika við að hrinda stefnu ríkisstjórna í framkvæmd, m.a. vegna þess hve óljós mörk ríkisvaldsins og samfélagsins voru. Hagkerfið hafði breyst, og var atvinnulífið nú orðið fjölbreyttara en áður hafði verið. Samfélagið hafði þar að auki breyst og orðið fjölbreyttara. Tengsl stjórnmalaflokka við samfélagið hafði þannig minnkað, sem

¹ Svanur Kristjánsson, *Frá flokksræði til persónustjórnmalá*, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 1994), 179.

² Svanur Kristjánsson, *Frá flokksræði til persónustjórnmalá*, 164-165.

³ Svanur Kristjánsson, *Frá flokksræði til persónustjórnmalá*, 179.

⁴ Svanur Kristjánsson, *Frá flokksræði til persónustjórnmalá*, 179.

varð til þess að þeir voru ekki eins vel í stakk búnir til að fást við þau mál sem komu upp. Það veikti síðan tiltrú fólks á flokkanna.⁵

Á 10. áratugnum urðu breytingar á flokkakerfinu þegar vinstri menn sameinuðust í Samfylkingunni. Á sama tíma varð til annar vinstri flokkur, Vinstri hreyfingin grænt framboð. Báðir þessir flokkar náðu fótfestu á Alþingi og því má segja að fjórflokkurinn sé enn við lýði, þó með nýjum meðlimum.

⁵ Svanur Kristjánsson, *Frá flokksræði til persónustjórn mála*, 201-209.

2. Kenningakafli

Áður en lengra er haldið er ekki úr vegi að staldra við og skoða stjórnmalaflokka nánar kenningalega séð.

Anthony Downs, höfundur bókarinnar *An economic theory of democracy*, skilgreinir stjórnmalaflokka á þann veg að þar fari hópur manna sem sækist saman eftir því að ná stjórn á ríkisvaldinu með sigri í lögmætum kosningum. Þessi hópur sé sammála um markmið sín í heild, en ekki einungis að hluta til. Þannig er hægt að segja að meðlimir þessa hóps hafi allir sömu markmið.⁶ Eins og allir sem fylgst hafa með stjórnmalum í yfir klukkutíma átta sig á, gengur þessi skilgreining ekki fullkomlega upp. Stjórnmalaflokkar og meðlimir þeirra hegða sér ekki eins og einn maður. Þar eiga sér stað átök um markmið og aðferðir til að ná þeim markmiðum.

Stjórnmalaflokkar eru eftir sem áður sá vettvangur sem fólk kys helst að starfa innan, vilji það taka þátt í pólitík. Það lýðræðisþjóðfélag er heldur ekki til þar sem stjórnmalaflokkar eru ekki til staðar, þótt vissulega séu þeir misjafnlega sterkir eftir þjóðum. Stjórnmalaflokkar setja fram sína stefnu og velur sér fólk til pólitískrar forystu. Stjórnmalaflokkar eru í raun og veru stofnanir sem geta verið mjög lífseigar, þrátt fyrir að reglulega komi nýjir flokkar fram sem reyni að ýta við þeim flokkum sem fyrir eru.⁷

Samkvæmt Downs er markmið stjórnmalamanna, rétt eins og kjósenda, að hámarka sinn eigin hag. Þeir hugsi fyrst og fremst um að halda í þau gæði sem fylgja því að gegna ákveðnum embættum. Flokkar setji því fram ákveðna stefnu til að tryggja kosningasigur, frekar en að þeir sækist eftir kosningu til að framkvæma stefnuna.⁸ Þetta er eitt af því sem skilur kenningu Downs frá öðrum, en þær gera allar ráð fyrir því að stjórnmalaflokkar sækist eftir völdum til að geta sett og komið fram stefnumálum.⁹

⁶ Anthony Downs, *An economic theory of democracy*, (New York: Harper & Row, 1957), 25.

⁷ Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, 2. útg. (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2007), 89-90.

⁸ Downs, *An economic theory of democracy*, 28.

⁹ Richard S. Katz, „Party in democratic theory,“ í *Handbook of party politics*, ritstj. Richard S. Katz og William Crotty, (London: SAGE, 2005), 35.

Downs telur að í tveggja flokka kerfi verði munurinn á milli flokka lítill hvað varðar stefnumál. Það er vegna þess að þeir færa sig báðir að miðjunni til að ná til sem flestra kjósenda. Munurinn felist þá helst í fáum málum sem gera hins vegar út um hvernig atkvæðin skiptast á milli flokkanna á endanum.¹⁰ Þegar um er að ræða fjölflokkakerfi geta þeir leyft sér að marka sér ákveðnari stefnu, enda þurfa þeir ekki að ná hylli eins margra kjósenda og þegar flokkarnir eru bara tveir. Til að komast til valda þurfa flokkar í fjölflokkakerfi að mynda ríkisstjórn. Það gerir það að verkum að flokkarnir neyðast í einhverjum tilvikum til að falla frá sínum stefnumálum, eða slá í það minnsta af sínum kröfum, og taka jafnvel upp einstök stefnumál samstarfsflokksins. Þrátt fyrir að flokkarnir séu skv. Downs reiðubúnir að gera það fyrir völdin, vilja þeir ekki upplýsa mögulega kjósendur sína um slíkt fyrir kosningar af ótta við að ýta þeim að öðrum flokkum.¹¹

Samkvæmt kenningum Downs eru til tvær tegundir nýrra stjórn mála flokka, sem hægt er að aðgreina út frá markmiðum þeirra. Fyrri tegundin ætlar sér að vinna kosningar, og komast til valda. Þeir sem standa að slíkum flokkum telja að þeir geti staðsett sig þannig að þeir nái til stórs hluta kjósenda, eitthvað sem þeir flokkar sem fyrir eru geri ekki. Aðalmarkmið seinni tegundarinnar er að hafa áhrif á stefnu þeirra flokka sem fyrir eru á hinu pólitíska sviði. Þrýsta á breytingar. Að sjálfssögðu leggur enginn flokkur af stað, ef þeir sem að honum standa sjá ekki fram á að fá nein atkvæði. Þrátt fyrir það hafa flokkar verið sérstaklega stofnaðir til að ógna öðrum flokkum, án þess að ætlunin sé að öðlast sjálfir völd undir eins. Downs nefnir í þessu sambandi hina svokölluðu "dixie-krata" (States' Right Party) sem klufu sig frá Demókrataflokknum og buðu fram í suðurríkjum Bandaríkjanna árið 1948 vegna óánægju með stefnu flokksins í tengslum við borgaraleg réttindi fólks. Með því vildu þeir þrýsta á Demókrata að teygja sig lengra til hægri. Erfitt er að greina á milli þessarra tveggja tegunda flokka. Þeir flokkar sem stofnaðir eru með það að markmiði að komast til valda hafa vissulega einnig áhrif á þá flokka sem fyrir eru. Anthony Downs segir enda að ef ætti að flokka nýja stjórn mála flokka eftir fyrirætlunum sínum þá teldust þeir nærri allir til þeirra sem sækjast eftir völdum. Ef litið er svo á hver útkoma þeirra hefur verið teljist þeir flest allir í

¹⁰ Downs, *An economic theory of democracy*, 46.

¹¹ Downs, *An economic theory of democracy*, 160.

síðari flokkinn. Nýjir flokkar eru, að mati Downs, líklegastir til að koma fram þegar aðstæður eru réttar til að þeir geti tekið fylgi frá flokkunum sem fyrir eru.¹²

Sem dæmi um aðrar kenningar tengdar stjórnámálflokkum má nefna kenninguna um hina ábyrgu flokka. Hún byggir á því að kosningar verða til þess að samkeppni myndist á milli tveggja, eða fleiri, flokka um völdin. Það verði til þess að flokkarnir móti sér stefnu sem kjósandinn getur tekið mið af, og er ekki of keimlík á milli flokka. Kjósandinn verðlaunar svo, eða refsar, stjórnámálflokkum eftir árangri þeirra á grundvelli þeirra upplýsinga sem hann hefur. Segja má að kosningar séu því nokkurs konar mat kjósenda á vinnu flokkanna. Kjósandinn kys þannig flokk til að fara með vald sitt, hann hafi þannig óbeint vald yfir athöfnum stjórnvalda. Þessi kenning gerir ráð fyrir að stjórnámálflokkar séu sterkir, sem starfi saman sem ein heild t.a.m. í atkvæðagreiðslum á þingi.¹³

Kenningar Downs tilheyra skynsemishyggjunni, sem byggir á hugmyndum úr hagfræði, og eru kenningar Downs reyndar hluti af undirstöðum skynsemishyggjunnar. Þeir sem aðhyllast hana ganga út frá því að ef aðstæður og leikreglur eru þekktar sé hægt að reikna út hvernig fólk hegðar sér. Fólk reyni alltaf að hámarka sinn eigin hag, reyni að fá sem mest fyrir eins lítinn tilkostnað og hægt er. Maðurinn sé sjálfum sér samkvæmur og velji alltaf hið sama við sömu aðstæður. Bent hefur verið á, í gagnrýni á skynsemishyggjuna, að fólk viti ekki alltaf hvaða afleiðingar gjörðir sínar hafa í för með sér. Það hafi ekki alltaf nægilegar upplýsingar til að taka þær ákvarðanir sem hámarka hag þeirra. Skynsemishyggjan þykir líka líta framhjá því að einstaklingar velji ekki alltaf það sama við sömu aðstæður. Þeir geti haft hugmyndir um hvernig hlutirnir eigi að vera sem fari ekki endilega saman við þeirra eigin hag. Að sama skapi er erfitt að útskýra, út frá kenningum skynsemishyggjunnar, hvers vegna að í sumum ríkjum sé algengt að minnihlutastjórnir séu myndaðar. Einnig virðast sumir stjórnámálflokkar oft á tíðum tregir til að taka þátt í ríkisstjórnarsamstarfi.¹⁴

¹² Downs, *An economic theory of democracy*, 127-128.

¹³ Russell J. Dalton, *Citizen politics*, 3. útg. (New York: Chatham House Publishers, 2002), 231-232.

¹⁴ Andrew Hindmoor, „Rational choice,“ í *Theory and methods in political science*, ritstj. David Marsh og Gerry Stoker, (Basingstoke: Palgrave Macmillan, 2010), 42-59.

Eins og áður hefur komið fram verður leitast við, í þessari ritgerð, að svara spurningunni hvort markmið nýrra flokka eða framboða sé að komast í valdastöður eða þrýsta á breytingar innan þess kerfis sem fyrir er. Til að sem réttust niðurstaða fáiast verða skoðaðir þeir þættir í sögu framboðanna sem geta veitt svör við spurningunni. Tilurð framboðanna segir til um hvort þau hafi verið runnin undan einhverja fjórflokkanna. Ef svo er getur hafa verið um að ræða ósætti vegna ákveðins máls, eða einstaklingar ekki verið sáttir með sinn eigin hlut innan fyrri flokksins. Það gæti gefið til kynna að nýji flokkurinn sæktist fyrst og fremst eftir völdum. Stefna og hugmyndafræði framboðs getur gefið ákveðna hugmynd um markmið þess, ef að aðal-áherslan er t.d. á einstaka mál gefur það til kynna að markmið framboðsins hafi e.t.v. frekar verið að þrýsta á breytingar, en að komast til valda. Þátttaka í ríkisstjórnarmyndunarviðræðum á einhverju stigi gæfi líka til kynna að framboðið hefði ekki verið afhuga setu í valdastóli. Ef að flokkur hefur eitt mál sem sitt helsta baráttumál má líka túlka það sem svo að sá flokkur sé frekar að þrýsta á breytingar.

Vissulega er hægt að spyrja þeirrar spurningar hvort að það sé ekki valdastaða í sjálfu sér setjast inn á þing, þó að ekki fylgi ríkisstjórnarseta með. Ekki er hægt að neita að því fylgja einhver völd, en þeir flokkar sem sitja í ríkisstjórn hafa meiri völd. Þeir geta komið lagasetningum í gegnum þingið, enda virðist Downs ekki gera ráð fyrir minnihlutastjórnnum eins og inn á hefur verið komið. Setu í ríkisstjórn fylgja líka margs konar embætti, pólitísk og önnur, sem flokkur hefur úthlutunarvald yfir. Hann getur því dreift gæðum á milli flokksfélaga samhliða setu í ríkisstjórn. Út frá þeirri kenningu Downs að maðurinn, og þar með stjórnmalaflokkar, sækist alltaf eftir því að hámarka hagnað sinn verður að líta svo á að seta í ríkisstjórn ætti að vera takmark þeirra flokka sem hafa það að markmiði að komast í valdastöðu.

Tafla 1.1. Framboð, utan fjórflokksins, sem fengið hafa yfir 1% fylgi í alþingiskosningum frá 1930.^{15 16 17 18}

Ár	Nafn framboðs	Fylgi í prósentum	Þingsæti
1934	Bændaflokkur	6,4	3
1937	Bændaflokkur	6,1	2
1942*	Þjóðveldismenn	1,1	-
1942**	Þjóðveldismenn	2,2	-
1953	Þjóðvarnarflokkurinn	6	2
1953	Lýðveldisflokkurinn	3,3	-
1956	Þjóðvarnarflokkurinn	4,5	-
1959*	Þjóðvarnarflokkurinn	2,5	-
1959**	Þjóðvarnarflokkurinn	3,4	-
1967	I-listi	3,66	1
1971	Framboðsflokkurinn	2	-
1971	Samtök Frjálslyndra og vinstri manna	8,9	5
1974	Samtök Frjálslyndra og vinstri manna	4,6	2
1978	Samtök Frjálslyndra og vinstri manna	3,3	-
1983	Bandalag Jafnaðarmanna	7,3	4
1983	Samtök um Kvinnalista	5,5	3
1987	Bandalag Jafnaðarmanna	0,2	-
1987	Samtök um Kvinnalista	10,1	6
1987	Borgaraflokkurinn	10,9	7
1987	Samtök um Jafnrétti og Félagshyggju	1,2	-
1991	Samtök um Kvinnalista	8,28	5
1991	Þjóðarflokkur/ Flokkur mannsins	1,82	-
1991	Frjálslyndir	1,22	-
1995	Samtök um Kvinnalista	4,87	3
1995	Þjóðvaki	7,15	4
1999	Frjálslyndi flokkurinn	4,17	2
2003	Frjálslyndi flokkurinn	7,38	4

¹⁵ Hagstofa Íslands, *Kosningaskýrslur* (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1988), 352-1115.

¹⁶ Hagstofa Íslands, „Kosningaúrslit í alþingiskosningum eftir kjördæmum 1959-1999,“ Kosningar, <http://www.hagstofa.is/?PageID=829&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=KOS02124%26ti=Kosninga%FArslit+%ED+al%FEingiskosningum+eftir+kj%F6rd%E6mum+1959%2D1999+++%26path=../Database/kosningar/althurslit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi> (sótt 27. maí 2013).

¹⁷ Hagstofa Íslands, „Kosningaúrslit í alþingiskosningum eftir kjördæmum 2003-2009,“ Kosningar, <http://www.hagstofa.is/?PageID=829&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=KOS02122%26ti=%DArslit+al%FEingiskosninga+eftir+kj%F6rd%E6mum+2003%2D2009+++%26path=../Database/kosningar/althurslit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi/hlutfall> (sótt 27. maí 2013).

¹⁸ Landskjörstjórn, „Úrslit og úthlutun þingsæta,“ Alþingiskosningar 2013, [http://www.landskjoer.is/media/frettir/Urslit_uthlutun_thingmenn_2013\(1\).pdf](http://www.landskjoer.is/media/frettir/Urslit_uthlutun_thingmenn_2013(1).pdf) (sótt 27. maí 2013).

2007	Frjálslyndi flokkurinn	7,26	4
2007	Íslandshreyfingin	3,27	-
2009	Frjálslyndi flokkurinn	2,22	-
2009	Borgarahreyfingin	7,22	4
2013	Björt Framtíð	8,25	6
2013	Píratar	5,1	3
2013	Flokkur heimilanna	3,02	-
2013	Dögun	3,1	-
2013	Lýðræðisvaktin	2,46	-
2013	Hægri grænir	1,73	-
2013	Regnboginn	1,07	-

*Sumarkosningar **Haustkosningar

Taflan hér á undan sýnir atkvæðamagn þeirra 24 framboða sem náð hafa yfir prósentustigs fylgi í alþingiskosningum frá árinu 1930. Þau framboð sem fjallað verður sérstaklega um í þessari ritgerð eru feitletruð til glöggvunar. Þegar rýnt er í töfluna sést að Kvinnalistinn og Frjálslyndi flokkurinn eru einu framboðin sem tekist hefur að koma einstaklingum inn á þing oftast en tvisvar sinnum. Þá eru Bændaflokkur og Samtök frjálslyndra og vinstri manna þau einu sem hafa gert það oftast en einu sinni. Ef kosningar frá árinu 1983 eru skoðaðar sést að 17 af þeim 24 framboðum sem eru á listanum hafa komið fram á þessum þrjátíu árum. Hafa nýafstaðnar kosningar þar mikið um að segja. Bent er á að Fylgiskjal 1 með þessari ritgerð sýni fylgi allra þeirra framboða, utan fjórflokksins, sem boðið hafa fram frá 1930, en þau eru 57 talsins.

3. Þjóðveldismenn

3.1. Saga Þjóðveldismanna

Segja má að Þjóðveldismenn hafi komið fram á sjónarsviðið 8. júní 1942. Þann dag var sagt frá stofnun landsmálasamtaka í blaðinu Þjóðólfi. Gengu samtökin undir nafninu Þjóðveldismenn, og sagði blaðið frá því að þeir ætluðu að bjóða fram í Reykjavík við Alþingiskosningar þá um sumarið.¹⁹ Ekki var nein tilviljun að sagt væri frá samtökunum í Þjóðólfi, en forystumenn flokksins tengdust blaðaútgáfunni. Nokkur hópur manna hafði safnast saman og rætt á milli sín um það sem framundan væri í landsmálum. Ákvað þessi hópur manna á endanum að reyna að hafa áhrif á gang þeirra mála.

Upphaf Þjóðólfs, mál gagns Þjóðveldismanna, má rekja til átaka innan Framsóknarflokksins seinni hluta 4.áratugar 20. aldar og byrjun þess fimmta sem snérust aðallega um Jónas Jónsson, formann flokksins. Þótti hann helst til of einráður og erfiður í samskiptum við samstarfsmenn sína. Einn þeirra sem hvarf á braut úr flokknum var Valdimar Jóhannsson, sem hafði verið náninn samstarfsmaður Jónasar. Eftir úrsögn sína úr flokknum árið 1941 hófst Valdimar handa við að koma á fót blaðinu Þjóðólfi. Naut hann til þess fulltingi Jónasar Þorbergssonar, útvarpsstjóra og fyrrum þingmanns Framsóknarflokksins, auk tíu efnaðra manna sem lögðu fé til útgáfunnar. Hóf blaðið göngu sína 17. júní 1941.²⁰ Þannig er hægt að segja að Þjóðveldisflokkurinn hafi að einhverju leyti verið klofningur úr Framsóknarflokki.

Valdimar Jóhannsson var Eyfirðingur, alinn upp í Svarfaðardal. Hann hafði lokið kennaraprófi og þegar þarna var komið við sögu hafði hann aðallega sinnt kennslustörfum. Það átti þó eftir að breytast og urðu ritstörf hans ær og kýr. Eftir að hafa ritstýrt Þjóðólfi gerðist hann blaðamaður á Alþýðublaðinu og svo ritstjóri Frjálsrar Þjóðar, sem varð mál gagn Þjóðvarnarflokks Íslands, en Valdimar var formaður þess flokks frá stofnun hans árið 1953 fram til ársins 1960. Nánar verður fjallað um Þjóðvarnarflokkinn síðar í ritgerðinni. Þekktastur var Valdimar þó sem stofnandi og forstjóri bókaforlagsins Iðunnar.²¹

¹⁹ *Þjóðólfi*, „Nú landsmálasamtök taka þátt í kosningum hér í Reykjavík 5. júlí n.k.,“ 8. júní 1942.

²⁰ Broddi Broddason, „*Þjóðveldismenn 1941-1945: Flokksstarf og blaðaútgáfa*,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1977), 4-9.

²¹ *Morgunblaðið*, „Valdimar Jóhannsson,“ 3. febrúar 1999.

Fljótlega eftir að fréttirnar af framboðinu bárust var farið að bera Þjóðveldismönnum nasisma á brýn. Voru þar að verki flokksblöðin Þrjú; Morgunblaðið, Tíminn og Þjóðviljinn. Ásakanir sem þessar áttu ættir sínar að rekja til þess að Bjarni Bjarnason, lögfræðingur og efsti maður á lista þeirra, hafði verið einn af forystumönnum Þjóðernissinna. Mönnum þótti einnig Þjóðólfur vera heldur umburðarlyndur gagnvart nasismanum. Á síðum blaðsins mátti sjá ábendingar til lesenda um að kynna sér ástandið í Þýskalandi á uppgangstíma Hitler og fordæma ekki nasismann. Einnig kölluðu Þjóðveldismenn eftir sterku ríkisvaldi, sem kæmi í staðinn fyrir vald flokkanna á Alþingi.²² Kosningarnar sumarið 1942 höfðu ekki í för með sér þá niðurstöðu sem Þjóðveldismenn óskuðu sér. Flokkurinn fékk aðeins 618 atkvæði í Reykjavík, eða 3%. Sjálfstæðisflokkurinn tapaði þó töluverðu fylgi í Reykjavík, og taldi Morgunblaðið að Þjóðveldismenn hefðu tekið það fylgi.²³

Helsta kosningamál þessara kosninga var hið svokallaða kjördæmamál. Eftir úrslit kosninganna varð ljóst að breytingar á stjórnarskránni myndu ganga í gegn. Var því ljóst að kosið yrði aftur til Alþingis innan skamms tíma.²⁴

Seinni kosningarnar fóru fram 18. október, og aftur bauð Þjóðveldisflokkurinn fram í Reykjavík. Í þetta skiptið hafði orðið leiðtogaskipti á listanum. Árni Jónsson, frá Múla, hafði tekið fyrsta sæti Þjóðveldismanna af Bjarna Bjarnasyni. Árni hafði áður verið þingmaður Sjálfstæðisflokksins í N-Múlasýslu. Í kosningunum um sumarið hafði hann verið efsti maður á lista Sjálfstæðisflokksins í S-Múlasýslu, en ekki hlotið náð fyrir augum kjósenda. Vildi hann nú reyna sig í framboði í Reykjavík, en þar sat hann í bæjarstjórn. Þrátt fyrir vinsældir hans voru Sjálfstæðismenn ekki tilbúnir til að láta það eftir honum. Auk þess að leiða lista flokksins settist Árni í ritstjórastól Þjóðólfs, við hlið Valdimars Jóhannssonar. Framboð Þjóðveldismanna varð með þessu nánast eins manns framboð. Árni sá um pólitísk skrif í

²² Broddi Broddason, „Þjóðveldismenn 1941-1945: Flokksstarf og blaðaútgáfa,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1977), 9-10.

²³ *Morgunblaðið*, „Kosningaúrslit í Reykjavík,“ 7. júlí 1942.

²⁴ Broddi Broddason, „Þjóðveldismenn 1941-1945: Flokksstarf og blaðaútgáfa,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1977), 11.

blaðið, og einnig fór mest fyrir honum af öðrum frambjóðendum þess utan.²⁵ Þrátt fyrir að flokkurinn hafi tvöfaldað atkvæðamagn sitt á milli kosninga, farið úr 618 atkvæðum í 1284, var Árni langt frá því að komast á þing.²⁶

Árni hélt áfram að ritstýra Þjóðólfi, og varð fljótlega einn um ritstjórnarskrifstofuna þegar Valdimar hætti. Óeining hafði verið um að fá Árna til liðs við Þjóðveldismenn, og var Valdimar einn af þeim sem ekki voru alls kostar sáttir. Árni sat auk þess áfram í bæjarstjórn Reykjavíkur – utan flokka. Það var einmitt á sviði borgarmálanna sem sauð upp úr innan Þjóðveldismanna vorið 1943. Þá hafði Árni samþykkt tillögu um að Reykjavíkurborg tæki að sér að reka kvikmyndahúsin Gamla bíó og Nýja bíó. Það féll illa í kramið á eigendum Þjóðólfs, og var Árna vikið frá störfum í Apríl. Við starfi hans tók Halldór Jónasson, en hann hafði átt sæti á báðum framboðslistum Þjóðveldismanna. Ritstjórnarskiptin komu í kjölfar mikilla átaka innan útgefendahóps Þjóðólfs, en hópurinn klofnaði í þeim átökum. Það varð til þess að hluti hans gekk frá blaðinu um leið og Árni og stofnaði blaðið Ísland. Klofningur þessara fyrrum félaga varð síðan enn greinilegri þegar fyrrum útgefendur Þjóðólfs, sem nú stóðu að útgáfu Íslands hótuðu málsókn á hendur nýrri stjórnar síns gamla blaðs. Héldu því þeir fram að aðalfundurinn, þar sem ný stjórn var kjörin, hefði verið ólöglegur vegna þess að hlutabréf hefðu verið seld án samþykkis meirihluta félagsmanna. Á endanum varð samkomulag um að félaginu yrði slitið og Þjóðólfsnafninu lagt til hliðar, þannig að hvorugur hópurinn gæti notað nafnið. Síðasta tölublað Þjóðólfs kom út í apríl 1944.

Við tók blaðið Ingólfur, sem hélt þeirri stefnu sem höfð hafði verið í frammi á síðum fyrirrennara síns, Þjóðólfs. Blaðið kom þó aðeins út í eitt og hálf ár, og á þeim tíma var greinilegt að móðurinn var að renna af Þjóðveldismönnum. Ingólfur kom út í síðasta skipti 15. október 1945.²⁷

²⁵ Broddi Broddason, „Þjóðveldismenn 1941-1945: Flokksstarf og blaðaútgáfa,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1977), 13-14.

²⁶ Hagstofa Íslands, *Kosningaskýrslur* (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1988), 439-443.

²⁷ Broddi Broddason, „Þjóðveldismenn 1941-1945: Flokksstarf og blaðaútgáfa,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1977), 17-24.

Hér hefur verið rennt yfir sögu þess hóps sem kallaður er Þjóðveldismenn. En hver var hugmyndafræði þessa hóps, sem rak þá út í blaðaútgáfu og þingframboð? Um það verður fjallað í næsta hluta.

3.2. Hugmyndafræði og stefna Þjóðveldismanna

Áður en lengra er haldið í hugmyndafræði Þjóðveldismanna er best að skilgreina hugtakið þjóðveldi. Vefsíðan snara.is gerir það á eftirfarandi hátt: „Þjóðfélagskerfi sem grundvallast á ættaveldi, býr við sameiginleg lög, gerir út um mál sín á þingum en skortir stjórnskipunarlegt framkvæmdarvald; tilhögun stjórnskipunar á Ísl. 930-1262/64 (þjóðveldisöld)“.²⁸

Í fyrsta tölublaði Þjóðólfs var birt stefnuskrá blaðsins. Þar var sagt að blaðið stefndi að þjóðernislegri vakningu íslensku þjóðarinnar, að það berðist gegn ofurvaldi stjórnmalaflokka og hagsmunabaráttu stétta í landinu. Það væri ennfremur á móti erlendum stjórnmalastefnum og vildu heldur meta reynslu þjóðarinnar og dómgreind hennar í meðferð landsmála að meiru.²⁹ Það kemur því kannski ekki að óvart að erfitt er að heimfæra þessa stefnuskrá upp á nafnkennda stjórnmalastefnu. Tal um þjóðernislega vakningu og stéttasamvinnu má þó tengja nasisma, þó að stéttasamvinna og þjóðareining hafi einnig verið helsta baráttumál borgaralegra flokka á 20.öldinni, eins og Broddi Broddason nefnir í B.A. ritgerð sinni um Þjóðveldismenn. Í stefnuskránni er andstaðan gegn ofurvaldi flokkanna greinileg, enda var hún forsenda útgáfunnar í upphafi.³⁰

Einnig koma þar fram athugasemdir við stjórnarform, enda áttu stjórnskipunarhugmyndir eftir að ryðja sér enn frekar til rúms þegar fram í sótti. Í blaðinu var einnig sagt að flest öll þau blöð sem gefin væru út í landinu væru fylgisblöð þjóðstjórnarinnar, sem þá sat við völd. Þau blöð töluðu fyrir ríkjandi valdhafa og valdakerfis í öllum málum og því væri þörf á óháðu blaði sem héldi uppi gagnrýni á valdhafanna.³¹

²⁸ Snara íslensk alfræðiorðabók á netinu, „Þjóðveldi,“ <http://snara.is/8/s8.aspx> (sótt 8. maí 2013).

²⁹ Þjóðólfur, „Stefnuskrá Þjóðólfs,“ 17. júní 1941.

³⁰ Broddi Broddason, „Þjóðveldismenn 1941-1945: Flokksstarf og blaðaútgáfa,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1977), 5.

³¹ Þjóðólfur, „Stefnuskrá Þjóðólfs,“ 17. júní 1941.

Eins og áður hefur komið fram bendluðu stóru flokksblöðin Þjóðveldismenn við nasisma þegar fréttist af framboði þeirra árið 1942. Morgunblaðið hafði einnig sett fram viðlíka tilgátu á haustmánuðum 1941, þegar það brást við tilkomu Þjóðólfs á blaðamarkaðinn. Þar var því haldið fram að útgáfan vildi líklegast koma þingræðinu og lýðræðinu fyrir kattarnef, eins og það var orðað. Benti Morgunblaðið svo á að sömu aðferðum hefðu einræðisflokkarnir í Þýskalandi og Ítalíu beitt þegar þeir brutust til valda.³²

Í sumarkosningunum 1942 voru yfirlýst ætlunarverk Þjóðveldismanna einkum tvö: Annars vegar að setja íslenska ríkinu ný stjórnskipunarlæg, þar sem traust ríkisvald væri til staðar ásamt því að flokksræðinu væri hnekkt og einstakir landshlutar fengju aukna sjálfstjórn. Með þessu fengi þjóðin aftur það vald sem Þjóðveldismenn töldu að stjórn mála flokkarnir hefðu náð af þeim. Hins vegar átti að fara fram gagnger athugun á atvinnulífínu. Í framhaldinu skyldi gera ráðstafanir sem tryggðu „a) fulla atvinnu, b) sannvirði unninnar vinnu ráði kaup, c) einkaframtakið njóti stuðnings ríkisvaldsins, d) atvinnuvegirinnir verði samhæfðir og tryggðir gegn áföllum misjafns árferðis.“³³

Þjóðólfur var, sem málgang Þjóðveldismanna, eðlilega þeirra helsti vettvangur í báðum kosningunum 1942. Blaðið veittist aðallega að Framsóknar- og Sjálfstæðisflokki fyrir báðar kosningar. Einnig beindi það spjótum sínum að sósíalístum fyrir þær seinni, þá undir ritstjórn Árna frá Múla sem einnig skipaði efsta sæti framboðslista Þjóðveldismanna. Þeir gagnrýndu starfshætti stjórn mála flokkanna harkalega, þeir væru ekki færir um að fara með málefni þjóðarinnar. Auk þess væru sumir þeirra of tengdir atvinnulífínu í gegnum stór fyrirtæki.³⁴

Eftir kosningarnar í október 1942 tókst flokkunum ekki að mynda ríkisstjórn, og varð því að skipa utanþingsstjórn. Þær málalyktir urðu sem olía á eld Þjóðveldismanna. Þeir höfðu talað fyrir stjórn allra flokka, helst án allra flokksforingja.³⁵ Þinginu hafði ekki tekist að verða við þeirri skyldu sinni að sjá þjóðinni fyrir ríkisstjórn. Árni frá Múla fagnaði stjórninni, og

³² Broddi Broddason, „Þjóðveldismenn 1941-1945: Flokksstarf og blaðaútgáfa,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1977), 7.

³³ Þjóðólfur, „Ávarp Þjóðveldismanna,“ 8. júní 1941.

³⁴ Broddi Broddason, „Þjóðveldismenn 1941-1945: Flokksstarf og blaðaútgáfa,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1977), 13-15.

³⁵ Þjóðólfur, „Þjóðinni er lífsnauðsynlegt að innanlandsfriður komist á,“ 7. desember 1942.

skrifaði að hún þyrfti ekkert að óttast á meðan hún léti þjóðarhag ráða gerðum sínum. Árni taldi ennfremur að myndun stjórnarinnar þýddi að ofurvald flokksræðisins yrði brátt úr sögunni, og stjórnin ætti vísan stuðning hjá þeim sem vildu það burt.³⁶ Halldór Jónasson, sem var þegar hér var komið við sögu einn helsti hugmyndafræðingur Þjóðveldismanna, sagði tíma þjóðríkisins vera að renna upp. Í fyrsta sinn væri kominn landsstjórn sem væri óflokksbundin og hlutlaus. Þjóðræðislegt framvæmdavald væri nú við lýði, sem halda þyrfti í og afhenda engum flokki framar.³⁷

Eftir ritstjóranskiptin árið 1943, þegar Halldór Jónasson tók við af Árna frá Múla, var Þjóðólfur helgaður þjóðræðinu, þjóðríkisstefnunni og þjóðveldismálinu. Einnig setti sambandsmálið svokallaða, sem var að komast í brennidepil á þeim tíma, svip sinn á blaðið. Þjóðveldispólitíkin og sambandsmálið tengdust bæði fyrirhugaðri lýðveldisstofnun. Þjóðólfur tók í því máli afstöðu með lögskilnaðarmönnum, sem vildu bíða með lýðveldisstofnun gegn hraðskilnaðarmönnum.³⁸

En hver var þessi hugmyndafræðingur Þjóðveldismanna, Halldór Jónasson? Halldór var löngum kenndur við Eiðar, en þangað hafði hann flust ungur með foreldrum sínum þegar faðir hans varð skólastjóri þar. Eftir stúdentspróf stundaði hann nám í heimspeki, með sérstaka áherslu á sálfræði og félagsfræði, við Kaupmannahafnarháskóla. Við heimkomu hóf hann að stunda kennslu, en var hagstofuritari á árum Þjóðveldismanna. Hann lét sig lengi stjórnskipunarmál varða, og flutti til að mynda erindi um stjórnskipulag á Íslandi árið 1913. Bókina *Þjóðríkið* gaf hann út árið 1944 sem fjallaði um þetta efni, eins og titillinn gefur til kynna.³⁹

Þjóðveldishugmyndir Halldórs voru ekki yfirlýst stefna Þjóðveldismanna fyrr en eftir sumarkosningarnar 1942, þrátt fyrir að hugmyndir hans hafi greinilega haft mikil áhrif. Þegar

³⁶ Þjóðólfur, „Straumhvörf,“ 11. janúar 1943.

³⁷ Þjóðólfur, „Er ekki tími þjóðræðisins einmitt nú að renna upp?,“ 31. desember 1942.

³⁸ Broddi Broddason, „*Þjóðveldismenn 1941-1945: Flokksstarf og blaðaútgáfa,*“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1977), 19

³⁹ *Alþýðublaðið*, „Minningarorð: Halldór Jónasson frá Eiðum,“ 18. janúar 1966.

svo var orðið fór hugmyndafræði þjóðveldismanna að koma skýrar fram í þjóðólfi.⁴⁰ Þessi hugmyndafræði var grunnurinn í hugmyndum þeirra um ný stjórnskipunarlög, sem nefnd voru áður. Dæmi um það er hugmynd um þriðja aðila sem væri engum háður heldur gætti hagsmuna þjóðarinnar í heild. Aðilinn gæti verið í formi þingdeildar, þjóðkjörins ráðs eða dómstóls, eftir því hvað ítarleg rannsókn leiddi í ljós að væri besta formið. Þjóðólfur líkti þessari skipun stjórnarfarsins við réttarfarsreglur, þar sem væru sækjendur, verjendur og dæmendur. Þar sem flokkarnir gættu hagsmuna ákveðinna hópa í samfélaginu, væru þeir bæði sækjendur og verjendur í því stjórnaritari sem væri við lýði. Þess vegna yrði þriðji aðilinn að vera til staðar, óháður. Vald flokkanna ætti að skorða við að sækja og verja mál fyrir þeim aðila sem fólkíð í landinu hafi kosið til að gæta sameiginlegra hagsmuna sinna. Hlutverk þessa þriðja aðila væri að finna úrlausnir á málum án þess að vera drifnir áfram að öðrum hvötum en farsæld þjóðarinnar í heild.⁴¹

Breyta ætti Alþingi í tvær aðskildar deildir þar sem önnur deildin, svokölluð þjóðdeild, færi með hlutverk þriðja aðilans. Halldór kallaði hina deildina lýðdeild, sú deild átti

að vera málsvari hinna hliðstæðu þjóðmálaaðila, eins konar málafærsludeild fyrir hagsmuni einstaklinga, landshluta og atvinnuvega. Þjóðdeildin-, hið mikilsverða nýmæli hins nýja þingsskipulags, - á að vera skipuð eingöngu fulltrúum þjóðarheildarinnar eða málsvörum samhagsmuna þjóðarinnar, og skulu þeir bundnir eiðsvörnu hlutleysi gagnvart öllum sérhagsmunum hinna hliðstæðu þjóðmálaaðila, sem þingmenn lýðdeildarinnar fara með umboð fyrir og komið geta undir úrskurð þjóðdeildar. – Af þessu er þá ljóst að þingið er orðið breytt úr vettvangi tvíhliða viðureignar, þar sem vald hins sterka ræður úrslitum, í þríhliða réttarstofnun þar sem þjóðdeildin, umboðshafi þjóðarinnar kemur fram sem þriðji aðili og sker úr eða jafnar þau mál, sem lýðdeildin verður ekki ásátt um, eða stöðvar þau, sem fara í bága við lög, meginreglur eða hagsmuni þjóðarheildarinnar.⁴²

Í þjóðdeildina skyldi kjósa með óbeinum kosningum, þar sem landið væri eitt kjördæmi. Kjörtímabil við deildina væri lengra en fjögur ár, og kosningaaldur hækkaður fyrir kjör í þjóðdeildina. Ennfremur voru settar fram hugmyndir um kosningar þjóðhöfðingja, en hann skyldi kjósa með svipuðum hætti og þjóðdeildina. Hann skipaði ríkisstjórn, sem bæri ábyrgð gagnvart honum. Ennfremur ættu ráðherrar ekki að vera þingmenn.⁴³ Hægt er að tengja

⁴⁰ Broddi Broddason, „Þjóðveldismenn 1941-1945: Flokksstarf og blaðaútgáfa,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1977), 21.

⁴¹ Þjóðólfur, „Flokkur, sem vill afnema flokka,“ 27. júlí 1942.

⁴² Halldór Jónasson, *Þjóðríkið*, (Reykjavík, 1942), 79-81.

⁴³ Þjóðólfur, „Stefnumál I,“ 19. apríl 1943.

Þetta við beint lýðræði, þar sem landsmenn gætu kosið einstaklinga í þjóðdeild sem ekki væru tengdir stjórnámálaflokkum og þannig væri auðveldara fyrir fólk að velja út frá þeim málefnum sem brann heitast á þeim.

Þess var aftur á móti ekki látið getið hvernig ráðherrar skyldu vera valdir. Það er ekki einu veikleikar þjóðveldisstefnunnar. Til að mynda taldi Jón Ólafsson, sem hafði verið á framboðslista þjóðveldismanna, að stefnan væri ekki aðeins íslensk heldur yrði hún heimsstefna.⁴⁴ Slíkar fullyrðingar verða í besta falli að teljast háleitar. Stefnan sjálf þótti heldur torskilin, og telur Broddi Broddason í fyrrnefndri ritgerð sinni, að það hafi aðeins fámennur hópur þjóðveldismanna gert sér fulla grein fyrir henni. Einnig virtust meðlimir hreyfingarinnar, og jafnvel Halldór sjálfur, ekki vita hvernig framkvæma ætti allar hliðar stefnunnar.

Þjóðveldishreyfingin kom fram þegar íslenska flokkakerfið var fullmótað, og komið í þann farveg sem það er að miklu leyti í enn þann dag í dag. Segja má að hreyfingin hafi verið fyrsta tilraun til fimmta flokksins á Íslandi. Til hennar má rekja að einhverju leyti, bæði persónulega og málefnalega, þær hræringar sem síðar urðu innan flokkakerfisins. Tveir flokkar sem komu fram stuttu seinna Lýðveldisflokkurinn og Þjóðvarnarflokkurinn, sem fjallað verður um seinna í þessari ritgerð, má telja sem beina afkomendur þjóðveldismanna. Í báðum flokkum voru menn sem höfðu verið forystumenn þjóðveldismanna, og voru stefnumál Lýðveldisflokksins einnig lík stefnumálum þjóðveldismanna.⁴⁵

⁴⁴ Þjóðólfur, „Stórkapítalisminn úr sögunni og sósíalisminn sömuleiðis,“ 16. ágúst 1943.

⁴⁵ Broddi Broddason, „Þjóðveldismenn 1941-1945: Flokksstarf og blaðaútgáfa,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1977), 23-25.

4. Þjóðvarnarflokkur Íslands

4.1. Saga Þjóðvarnarflokksins

Rétt eins og í tilviki Þjóðveldismanna má rekja tilurð Þjóðvarnarflokksins til blaðaútgáfu. Frjáls þjóð hóf göngu sína í september 1952, og var koma bandaríska hersins megintilefni útgáfunnar skv. fyrsta tölublaðinu.⁴⁶ Í kringum útgáfuna var nokkur hópur manna sem sumir hverjir höfðu verið virkir í starfi Þjóðvarnarfélagsins nokkrum árum fyrr. Þessi útgáfuhópur hélt reglulega fundi sín á milli fyrsta vetur blaðsins. Þar kviknar sú hugmynd að stofna stjórnarálaflokk, sem að lokum varð að veruleika á stofnfundi Þjóðvarnarflokksins 15. mars 1953. Ekki var fundurinn opinberlega auglýstur, heldur má segja að hafi verið handvalið á hann. Stofnfundurinn sjálfur var með miklu bráðabirgðaformi, enda ákveðið að halda landsfund strax um vorið. Fyrsti landsfundur Þjóðvarnarflokksins, í byrjun maí 1953, snérist að miklu leyti um að ganga frá lausum endum frá stofnfundi flokksins. Kosnar voru stjórnir og samþykkt lög. Valdimar Jóhannsson var kjörinn formaður hins nýja flokks, og Bergur Sigurbjörnsson varaformaður.⁴⁷ Strax að loknum landsfundi var farið að kynna frambjóðendur flokksins, til alþingiskosninganna, í Frjálsri Þjóð.⁴⁸

Bergur var viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands, og stundaði framhaldsnám í hagfræði í Stokkhólmi. Eftir að hann lauk námi vann hann ýmis sérfræðistörf á Íslandi. Bergur var, ásamt öðrum, einn af stofnendum Frjálsrar þjóðar og var ritstjóri þess af og til allt til ársins 1967. Hann sat á þingi fyrir Þjóðvarnarflokkinn 1953-1956, en eftir þingsetuna gengdi hann ýmsum ábyrgðarstörfum. Hann var t.a.m. framkvæmdarstjóri Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi í tvígang.⁴⁹

Þjóðvarnarflokkurinn vann talsverðan kosningasigur árið 1953. Í heildina fékk hann 6% atkvæða yfir landið allt, og tvo þingmenn, þá Gils Guðmundsson og Berg Sigurbjörnsson. Mest var fylgið í N-Þingeyjarsýslu, 9%, en fylgið fór hvergi undir 6% þar sem flokkurinn bauð fram. Í þeim kjördæmum þar sem aðeins var landslisti var fylgi aftur á móti 2-4%. Fylgið

⁴⁶ *Frjáls þjóð*, „Ávarp til lesenda,“ 6. september 1952.

⁴⁷ Ragnar Árnason, „Þjóðvarnarflokkur Íslands,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1974), 26-31.

⁴⁸ *Frjáls þjóð*, „Framboðslisti Þjóðvarnarflokks Íslands í Reykjavík,“ 14. maí 1953.

⁴⁹ Alþingisvefurinn, „Bergur Sigurbjörnsson – æviágrip,“ <http://www.althingi.is/alttext/cv/?nfaerslunr=57> (sótt 29. maí 2013).

virtist aðallega koma frá Framsóknar- og Sósíalístaflokknum, en þeir töpuðu báðir nokkru fylgi.⁵⁰

Gils Guðmundsson var kennaramenntaður, en vann lengst af við ritstörf og blaðamennsku. Eftir þingmennsku fyrir Þjóðvarnarflokkinn varð hann þingmaður Alþýðubandalagsins 1963-1979. Var hann á þeim tíma m.a. forseti neðri deildar og sameinaðs þings.⁵¹

Þegar Alþingi kom saman, að loknum kosningum, var ljóst að stjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks héldi áfram. Fljótlega varð því ljóst að staða Þjóðvarnarmanna yrði erfið inn á þingi. Kom þar ýmislegt til. Þjóðvarnarmenn áttu t.a.m. erfitt með að ná kjöri í nefndir þingsins vegna ósamstöðu stjórnarandstöðunnar. Hafði það í för með sér að flokkurinn átti mest aðeins tvo menn í nefnd, en annars minna. Varð það til þess að Þjóðvarnarmenn áttu mjög erfitt með að koma málum sínum úr nefndum en annars hefði verið. Samvinna þeirra við stjórnarandstöðuna við flutning á frumvörpum og þingsályktunartillögum var einnig lítill. Dæmi um það er að þingmenn Sósíalístaflokksins og Þjóðvarnarflokksins fluttu í sitt hvoru lagi tillögur um uppsögn varnarsamningsins 1953 og 1954. Hinir flokkarnir fjórir á Alþingi voru heldur ekki áfjáðir í að ræða mál hans eða samþykkja. Á þremur árum fengu Þjóðvarnarmenn aðeins samþykktar tvær þingsályktunartillögur, en ekkert lagafrumvarp. Þingmenn flokksins, þeir Gils og Bergur, reyndu þó sitt besta til að koma stefnumálum hans áfram. Á þremur þingum fluttu þeir 25 frumvörp, 20 þingsályktunartillögur og báru fram 22 fyrirspurnir. Þingseta þeirra hafði því varla teljandi áhrif á ákvarðanatöku þingsins.⁵²

Þó er rétt að minnast á þingsályktunartillögu sem samþykkt var í lok marsmánaðar 1956, sem kvað á um að herinn skyldi hverfa úr landi. Var tillagan samþykkt af öllum flokkum utan Sjálfstæðisflokks.⁵³ Hægt er að ímynda sér að barátta Þjóðvarnarmanna á Alþingi hafi eitthvað haft að segja um þá niðurstöðu.

Ragnar Árnason dregur þá ályktun, í ritgerð sinni um Þjóðvarnarflokkinn, að fylgistap Framsóknar-, Sósíalista- og Alþýðuflokks megi að nokkru leyti skrifa á kosningasigur

⁵⁰ Ragnar Árnason, „Þjóðvarnarflokkur Íslands,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1974), 35.

⁵¹ Alþingisvefurinn, „Gils Guðmundsson – æviágrip,“ <http://www.althingi.is/altext/cv/?nfaerslunr=164> (sótt 29. maí 2013).

⁵² Ragnar Árnason, „Þjóðvarnarflokkur Íslands,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1974), 50-52.

⁵³ Frjáls þjóð, „Meiri herseta „sjálfstæðishugsjón“ íhaldsins,“ 7. apríl 1956.

Þjóðvarnaflokksins. Það hafi síðan haft þær afleiðingar að Alþýðuflokkurinn klofnaði í tvær fylkingar. Önnur fylkingin gekk til samstarfs við Framsóknarflokkinn í hinu svokallaða Hræðslubandalagi fyrir kosningarnar 1956. Hin fylkingin myndaði svo Alþýðubandalagið með Sósíalistaflokknum. Þjóðvarnarmenn voru sjálfir ekki í vafa um að þessum bandalögum væri beint gegn þeim. Að lokum stóð flokkurinn upp sem smáflokkur á milli vinstribandalaganna árið 1956. Þrátt fyrir það virðist þeir ekki hafa verið algjörlega útskúfaðir á vinstri vængnum. Til að mynda skrifaði A.S.Í. flokknum í febrúar 1955 í tengslum við möguleika á myndun vinstri stjórnar. Þjóðvarnarmenn voru samþykkrir því að taka þátt í viðræðunum, þrátt fyrir að þær hafi að lokum ekki orðið til þess að þeir yrðu meðlimir slíkrar stjórnar.

Þjóðvarnaflokkurinn bauð fram til alþingiskosninganna 1956 í 22 kjördæmum af 28. Flokkurinn lagði mikla áherslu á hermálið og að flokkurinn væri nýr raunhæfur valkostur í íslenskum stjórnmálum. Það var því mikill ósigur þegar ljóst var að flokkurinn hefði aðeins hlotið 4,5% atkvæða á landsvísu, og þar með misst báða sína þingmenn.⁵⁴ Frjáls Þjóð, málsgagn flokksins, gaf þá skýringu að vinstri bandalögin tvö hefðu tekið fylgi af flokknum með því að færa stefnu sína nær stefnu hans. Einnig benti blaðið á að svo virtist sem hermálið, stærsta baráttumál flokksins, væri komið í höfn.⁵⁵

Vinstri stjórn Framsóknarflokks, Alþýðubandalags og Alþýðuflokks hrökklaðist frá völdum í desember 1958. Kjördæmamálið svokallaða og erfið staða í efnahagsmálum kom í veg fyrir myndum meirihlutastjórnar, svo að við tók mánaðarlöng stjórnarkreppa.⁵⁶ Að lokum myndaði Alþýðuflokkur minnihlutastjórn sem Sjálfstæðisflokkur varði falli. Hlutverk hennar var aðallega að koma kjördæmamálinu farsælega í höfn. Það tókst í apríl 1959, og varð þá ljóst að tvennar kosningar yrðu það árið. Innan Þjóðvarnaflokksins urðu talsverðar umræður um hvort þjóða ætti fram í fyrri kosningunum, sem fram fóru um sumarið. Gils Guðmundsson og Valdimar Jóhannson voru á þeirri skoðun, ásamt fleirum, að réttast væri að spara kraftana fyrir seinni kosningarnar um haustið. Sumarkosningarnar snérust eingöngu um kjördæmabreytinguna, sem væri í samræmi við stefnu flokksins í öllu meginatriðum.

⁵⁴ Ragnar Árnason, „Þjóðvarnaflokkur Íslands,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1974), 47-54.

⁵⁵ Frjáls Þjóð. „Þjóðvarnarmenn svara með því að fylkja liði til nýrrar sóknar,“ 30. júní 1956.

⁵⁶ Agnar Kl. Jónsson, *Stjórnarráð Íslands 1904-1964*, (Reykjavík: Sögufélag, 1969) 304-306.

Aðrir flokksfélagar, þar á meðal varaformaðurinn Bergur Sigurbjörnsson, voru á öndverðum meiði við þá skoðun.⁵⁷ Lendingin varð sú að aðeins var boðið fram í Reykjavík í fyrri kosningunum.⁵⁸ Enn tapaði flokkurinn fylgi og fékk nú aðeins 2,5%⁵⁹

Þegar leið að haustkosningunum 1959, voru horfur flokksins á góðri kosningu á yfirborðinu jafnvel betri en í kosningunum 1956. Þá höfðu tvær fylkingar, sem báðar börðust um sama fylgi og Þjóðvarnarflokkurinn, fært sig að ýmsu leyti yfir á málefna­grundvöll flokksins. Brottför bandaríska hersins, sem var aðalmál hans, virtist vera komið í höfn og þá voru Alþýðubandalag og Hræðslubandalag Framsóknarflokks og Alþýðuflokks líklegri til að koma vinstri stefnu á eftir kosningarnar. Staðan haustið 1959 var allt önnur. Herinn var enn á Íslandi, og vinstri stjórn ólíklegri en nokkru sinni eftir að vinstri stjórnin fór frá völdum árið áður. Innan Þjóðvarnarflokksins voru þó veikleikar. Hópurinn sem stóð að honum var ekki eins þéttur og áður hafði verið. Sú staðreynd að flokkurinn bauð aðeins fram í þremur kjördæmum af átta bendir til hnignunar flokksins. Boðið var fram í Reykjavík, Reykjaneskjördæmi og Norðurlandskjördæmi eystra, sem voru einna fjölmennustu kjördæmin, og á þeim svæðum sem flokkurinn hafði verið hvað sterkastur áður.⁶⁰

Niðurstaða kosninganna varð sú að Þjóðvarnarflokkurinn fékk 3,4% atkvæða á landsvísu. Í Reykjavík­kjördæmi fékk hann 6,4%, Reykjaneskjördæmi 2,7% og í Norðurlandskjördæmi eystra 3,6%.⁶¹

Á fjórða landsfundi Þjóðvarnarflokksins, í ársbyrjun 1960, átti sér stað uppgjör á milli tveggja skoðanahópa innan flokksins. Var um að ræða mögulegt samstarf við þá sem lengst voru til vinstri, kommúnista. Hugsanlegt samstarf við Sósíalístaflokkinn og síðar Alþýðubandalagið hafði verið afskaplega viðkvæmt mál allt frá stofnun Þjóðvarnarflokksins árið 1955. Sú stefna hafði verið mörkuð í upphafi að flokkurinn forðaðist og fordæmdi alla hægri og vinstri öfga flokka. Í samræmi við þá stefnu hafði Þjóðvarnarflokkurinn hafnað allri mögulegri samvinnu við þessa flokka fram til ársins 1960. Það, að þessi stefnubeyting hafi

⁵⁷ Ragnar Árnason, „Þjóðvarnarflokkur Íslands,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1974), 62.

⁵⁸ *Friðs þjóð*, „Framboðslisti Þjóðvarnarflokksins í Reykjavík,“ 23. maí 1959.

⁵⁹ Hagstofa Íslands, *Kosningaskýrslur* (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1988), 706.

⁶⁰ Ragnar Árnason, „Þjóðvarnarflokkur Íslands,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1974), 64.

⁶¹ Hagstofa Íslands, *Kosningaskýrslur* (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1988), 706.

komið upp, er því vísbending um að ákveðnir brestir og vonleysi hafi verið komnir upp í flokknum. Tókust tveir armar flokksins á um þessa stefnubreytingu, hægri og vinstri armur. Hægri armurinn, sem í forsvari fyrir voru Þórhallur Vilmundarson og Valdimar Jóhannsson formaður ásamt fleirum, barðist gegn þessari breytingu. Þeir máttu þó lúta í gras fyrir vinstri arminum, sem leiddur var af Gils Guðmundssyni, Bergi Sigurbjörnssyni, Bjarna Arasyni o.fl. Klofningurinn innan flokksins kom þó ekki í ljós á fundinum, þrátt fyrir að Valdimar hafi stigið úr formannsstóli og Bjarni Arason kjörinn í hans stað. Það varð þó ljóst fljótlega eftir landsfundinn að af samstarfi við Sósíalista yrði. Aðilar úr þessum hópum stóðu fyrir Keflavíkurgöngunni, sem genginn var í fyrsta sinn sumarið 1960. Sama sumar voru samtök hernámsandstæðingastofnuð með aðild margra forystumanna Þjóðvarnarflokksins, þó að flokkurinn sem slíkur hafi ekki verið aðili. Í lok ágústmánaðar sauð svo upp úr þegar hægri armur flokksins lagði fram bókun á miðstjórnarfundi flokksins. Þar var gagnrýnt að forystumenn flokksins ásamt málsgagni flokksins, Frjáls þjóð, hafi tekið þátt í sameiginlegum aðgerðum með kommúnistum í hernámsmálinu. Ragnar Arnalds, einn helsti forystumaður samtaka hernámsandstæðinga hafði þá verið ritstjóri Frjálsrar þjóðar í nokkra mánuði og beitt blaðinu mjög í þágu málsstaðar samtakanna. Hættu síðan þeir menn sem skrifuðu undir bókunina störfum í flokknum. Þeirra á meðal var Valdimar Jóhannsson, fyrrverandi formaður. Endanlegur klofningur Þjóðvarnarflokksins varð því staðreynd. Þó svo að það hafi ekki veirið fjölmennur hópur sem hvarf úr flokknum, voru þar nokkrir helstu forystumenn hans frá stofnun. Langstærstur hluti flokksfélaga studdi þó þessa stefnubreytingu.

Fimmti landsfundur Þjóðvarnarflokksins fór fram í september 1962, en fundurinn reyndist einnig var sá síðasti í sögu flokksins. Kemur það kannski ekki að óvart þegar horft er til þess að hann virðist hafa verið með lítilfjörlegasta móti. Sem dæmi um það má nefna að sú stefna sem var mótuð á landsfundinum var ekki eins ítarleg og víðtæk og áður.⁶² Frjáls þjóð birti t.a.m. stjórn málaályktun fundarins, sem aðeins varðaði afstöðu til Efnahagsbandalags Evrópu,⁶³ sem síðar verður komið frekar inn á.

⁶² Ragnar Árnason, „Þjóðvarnarflokkur Íslands,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1974), 69-77.

⁶³ Frjáls þjóð, „Aðild að Efnahagsbandalagi – endalok íslenzks sjálfstæðis,“ 22. september 1962.

Þegar leið að Alþingiskosningum 1963 var það ákveðið á miðstjórnarfundi Þjóðvarnarflokksins að hefja viðræður við Alþýðubandalagið um kosningasamvinnu. Var það gert eftir að trúnaðarmenn flokksins víðs vegar um landið höfðu lýst efasemdum sínum um að flokkurinn gæti boðið fram sjálfstætt í kosningunum. Eftir nokkuð flóknar viðræður náðist samkomulag milli aðilana sem fól í sér að Þjóðvarnarmenn fengu ákveðin sæti á framboðslistum, sameiginleg stefna var sett fram í veigamestu málum og ákveðið var að bjóða fram undir nafni Alþýðubandalagsins.⁶⁴ Í yfirlýsingu sem Þjóðvarnarflokkurinn lét frá sér áréttaði hann að þeir Þjóðvarnarmenn sem á þing yrðu kosnir væru ekki bundnir af samþykktum Alþýðubandalagsins, sem ekki leiddi beint af sameiginlegu stefnuskránni. Einnig kom það skýrt fram að flokkurinn væri ósammála Alþýðubandalaginu í ýmsum málum. Hann vildi aftur á móti, á þessari örlagastundu í lífi íslenskrar þjóðar, ýta þeim málum til hliðar fyrir þeirri pólitísku nauðsyn að berjast gegn Efnahagsbandalagi Evrópu.⁶⁵

Fylgi Alþýðubandalagsins breyttist þó ekki þegar talið hafði verið upp úr kjörkössunum, sem bendir til að lítill hluti hins almenna fylgis Þjóðvarnarflokksins hafi fylgt með inn í Alþýðubandalagið. Gils Guðmundsson var eini Þjóðvarnarmaðurinn til að ná kjöri, auk þess sem Arnór Sigurjónsson og Bergur Sigurbjörnsson urðu varaþingmenn. Flokksstarf flokksins var lítið eftir 1963 og því fylgdu þeir engri sérstakri línu frá flokknum. Smám saman fór svo Gils að líta á sig sem þingmann Alþýðubandalagsins, en ekki Þjóðvarnarflokksins.

Eins og áður sagði lagðist starf innan Þjóðvarnarflokksins að mestu leyti niður eftir samvinnuna við Alþýðubandalagið. Í ritgerð sinni um Þjóðvarnarflokkinn vill Ragnar Árnason meina að flokkurinn hafi liðið undir lok árið 1966. Röksemdin fyrir því sé að þá hafi Alþýðubandalagsfélag Reykjavíkur verið stofnað með stuðningi Þjóðvarnarmanna. Þar hafi verið orðið til pólitísk skipulagseining, sem margir Þjóðvarnarmenn gerðust aðilar að, og barist fyrir myndun hennar.⁶⁶

Bergur Sigurbjörnsson fullyrðir að Samtök frjálslyndra og vinstri manna séu framhald Þjóðvarnarflokksins. Ragnar Árnason rennir stoðum undir þá fullyrðingu með því að skoða

⁶⁴ Ragnar Árnason, „Þjóðvarnarflokkur Íslands,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1974), 78-80.

⁶⁵ Frjáls þjóð, „Yfirlýsing Þjóðvarnarflokksins,“ 20. apríl 1963.

⁶⁶ Ragnar Árnason, „Þjóðvarnarflokkur Íslands,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1974), 83-85.

flokkatengsl forystumanna Þjóðvarnarflokksins eftir endalok hans. Þar kemur fram að margir Þjóðvarnarmenn hafi t.a.m. verið ofarlega á listum samtakanna í Alþingiskosningum á 8.áratugnum.⁶⁷

4.2. Hugmyndafræði og stefna Þjóðvarnarflokksins

Grundvallar hugmyndafræði Þjóðvarnarflokksins má sjá í stefnuyfirlýsingu flokksins frá stofnfundi hans árið 1953. Talið var að þjóðin stæði á vegamótum þess að halda sjálfstæði sínu eða glata því. Það var t.d. tengt við bandarísku herstöðina sem risin var, og því gert í skónna að Ísland ætti á hættu að lenda í sömu stöðu og Hawaii og glata sjálfstæði sínu. Einnig var því haldið fram að flokkakerfið væri ófært að þjóna þjóðinni allri, þar sem að flokkarnir störfuðu fyrir hagsmuni sérstakra hópa. Það leiddi svo af sér að stjórn málin væru spillt, og efnahagsástandið ekki betra raun bæri vitni. Í stefnu Þjóðvarnarflokksins kom fram að markmið hans væri að Íslendingar byggju í landi sínu við óskorðað sjálfstæði, að lýðræði ríkti auk þess sem flokkurinn hafnaði öllum öfgastefnum. Í efnahagsmálum ætti að fylgja sósíaldemókratískri stefnu. Ennfremur yrði spillingin upprætt og félagslegum umbótum hrundið í framkvæmd. Flokkurinn hvatti fólk til að hefja pólitískar aðgerðir gegn erlendum stórveldum og valdhöfum innanlands til að tryggja sjálfstæði sitt.⁶⁸ Út frá þessari hugmyndafræði var síðan unnið áfram á fyrsta landsfundi flokksins, þá aðallega við að móta raunhæfa stefnu í anda hennar.⁶⁹

Á honum var sú stefna samþykkt að hernaðarsamningnum við Bandaríkin yrði sagt upp, og hlutleysisstefna yrði tekin upp að nýja.⁷⁰ Lögð var áhersla á að atvinnulífið yrði fjölbreyttara, og t.d. talað fyrir stóriðju. Taka átti upp félagsútgerð í sjávarútvegi og byggðahverfi í landbúnaði. Stuðningi var lýst yfir við baráttu verkalýðsfélaganna, um leið og

⁶⁷ Ragnar Árnason, „Þjóðvarnarflokkur Íslands,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1974), 94-95.

⁶⁸ Frjáls þjóð, „Þjóðvarnarflokkur Íslands stofnaður sl. sunnudagskvöld,“ 17. mars 1953.

⁶⁹ Ragnar Árnason, „Þjóðvarnarflokkur Íslands,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1974), 100.

⁷⁰ Frjáls þjóð, „Hlutleysisstefnan verði tekin upp aftur og lýst yfir ævarandi vopnaleyfi þjóðarinnar,“ 8. maí 1953.

hvatt var til endurskoðunar mennta-, almannatrygginga- og heilbrigðismála.⁷¹ Það voru því fáir blettir íslensks samfélags sem ekki þurftu endurskoðun að mati Þjóðvarnarmanna.

Á öðrum landsfundi var stefnu flokksins í landbúnaðarmálum breytt nokkuð. Horfið var frá byggðahverfahugmyndinni en í staðinn lögð áhersla á ýmis konar aðstoð við landbúnaðinn, og þess krafist að milliliðakostnaður yrði minni. Samþykkt var einnig stefna þar sem krafist var 40 stunda vinnuviku, orlofs og launajafnréttis kynjanna svo eitthvað sé nefnt.⁷²

Þriðji landsfundurinn, haustið 1957, markaði nýja stefnu um algera nýskipan efnahagsmála, sem var mótuð með tilliti til efnahagsvanda Íslands. Stefnan gekk í stuttu máli út á að draga ætti úr fjárfestingu til að stöðva verðbólguna. Því tengt átti að senda herinn úr landi, sem yrði til þess að framkvæmdir hans myndu að sjálfssögðu stöðvast. Flokkurinn vildi afnema styrkjakerfið og gengi krónunnar yrði skráð skv. raunverulegu verðgildi hennar.⁷³ Skipulegan áætlunarbúskap, sem yrði miðaður við nokkurra ára áætlanir, átti svo að taka upp. Auk þessara hugmynda urðu þær breytingar á stefnunni að ekki var lengur talað um sameign sjómanna og verkafólks á fiskiskipum og fiskvinnslustöðvum. Þess í stað var áherslan lögð á landhelgismál. Í landbúnaðarmál var lögð áhersla á að koma í veg fyrir offramleiðslu. Kjördæmamálið var nú á döfinni, og því var stefna flokksins um stór og fá kjördæmi tekin upp aftur.⁷⁴

Hugmyndir Þjóðvarnarflokksins í stjórnarskrármálum voru um margt merkilegar. Flokkurinn lagði til að mynda til að Alþingi skyldi kosið sem ein deild, og að beytingar yrðu gerðar á kjördæmaskipan. Með þeim breytingum skyldi Reykjavík vera eitt kjördæmi en kjördæmamörk utan hennar að mestu byggjast á fjórðungaskiptingunni. Austurland, Vesturland, Norðurland og Suðurland yrðu þannig, hvert um sig, eitt kjördæmi. Þó væri heimilt að skipta fjórðungum upp í tvö kjördæmi. Flokkurinn velti jafnvel þeirri hugmynd upp að hinn þjóðkjörni forseti yrði einnig forsætisráðherra með afmarkað verksvið. Það mætti þó aldrei draga úr lýðræðislegri ábyrgð Alþingis gagnvart kjósendum, en gæti samt sem áður

⁷¹ Frjáls þjóð, „Landsfundur Þjóðvarnarflokks Íslands markar stefnu í atvinnu- og efnahagsmálum,“ 8. maí 1953.

⁷² Ragnar Árnason, „Þjóðvarnarflokkur Íslands,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1974), 42.

⁷³ Frjáls þjóð, „Alger nýskipan efnahagslífsins,“ 30. nóvember 1957.

⁷⁴ Ragnar Árnason, „Þjóðvarnarflokkur Íslands,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1974), 60.

aukið samhengi í störfum fráfara og komandi ríkisstjórna. Ennfremur settu Þjóðvarnarmenn fram hugmyndir um að 30% þingmanna eða 20% atkvæðisbærra manna gætu skotið samþykktum lögum frá Alþingi, eða lögum sem forseti synjaði staðfestingu, til Þjóðaratkvæðagreiðslu. Aukin meirihluta í þjóðaratkvæðagreiðslu þyrfti svo til að synja lögnum.⁷⁵

Stjórn málaályktun fjórða landsfundarins lagði mesta áherslu á eftirfarandi:

- 1) Að bandarískur her hverfi frá Íslenzkri grund hið allra fyrsta.
- 2) Að ekki verði hvikað frá útfærslu landhelginnar í 12 sjómílur.
- 3) Að ríki og bæjarfélögum séu sett ótvíræð mörk um það, hve mikinn hluta þjóðarteknanna, reiknað í hundraðstölum, hið opinbera megi framast taka.
- 4) Að seðlaútgáfu bankanna og lánveitingum verði settar eðlilegar skorður.
- 5) Að erlendar skuldir verði ekki auknar, þar til efnahagskerfi landsins er komið í heilbriggt horf.
- 6) Að gjaldmiðill þjóðarinnar verði tryggður, þannig að verðgildi hans geti haldizt stöðugt.
- 7) Að ekki verði níðzt á fátækasta hluta þjóðarinnar við þær ráðstafanir, sem gerðar verða til leiðréttingar á efnahagslegu öngþveiti og til þess að koma fjárhagskerfinu í heilbriggt horf.⁷⁶

Helstu breytingarnar frá fyrri stefnu var sú að áætlunarbúskapurinn hlaut minna vægi en áður. Stærsta stefnubreytingin kom þó fram undir lok stjórn málaályktunarinnar, þar sem kallað var eftir að Íslenskir íhaldsandstæðingar þjöppuðu sér saman í nýrri, öflugri fylkingu. Er orðalagið slíkt að greinilega var verið að opna fyrir hugsanlegt samstarf við sósíalista, eins og áður hefur komið fram í þessari ritgerð. Landsfundurinn 1954 hafði einnig kallað eftir samvinnu vinstri manna, en sósíalistar voru þar vandlega undanskildir. Þetta var því brotthvarf frá einni grundvallarstefnu flokksins.⁷⁷

Ragnar Árnason segir það vera merkilegt hve lítil áhersla var lögð á brottför hersins, sem hafði ávallt verið eitt af helstu málum landsfunda fram til þessa. Þess í stað var aðallega fjallað um efnahagsmál, spillingu, skuldasöfnun og verðbólguna. Þetta er til marks um hvernig hugmyndafræði Þjóðvarnarflokksins tók áherslubreytingum, sem hélt síðan áfram á fimmta og síðasta landsfundi flokksins.⁷⁸

⁷⁵ Frjáls þjóð, „Landsfundur Þjóðvarnarflokks Íslands markar stefnu í félags- og stjórnskrármálum,“ 14. maí 1953.

⁷⁶ Frjáls þjóð, „Ályktun landsfundarins,“ 16. janúar 1960.

⁷⁷ Ragnar Árnason, „Þjóðvarnarflokkur Íslands,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1974), 72.

⁷⁸ Ragnar Árnason, „Þjóðvarnarflokkur Íslands,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1974), 101-102.

Frjálsri þjóð hafði lengi verið tíðrætt um spillingu á Íslandi. Í júní 1953 fjallar leiðari blaðsins einmitt um margumrædda spillingu. Þar er stjórnarfræðingur sagður vera sjúkt af spillingu. Stjórnsmálafróðingur verji stórum upphæðum af almannafé til kaupa á illa stöddum fyrirtækjum vildavina sinna, sem hagnist þannig í stað þess að tapa fé. Bitlingar til dyggra flokksþjóna innan stjórnkerfisins séu á allra vitorði hvort sem um sé að ræða veitingar stjórnarleyfa, skipanir í embætti eða nefndir. Þá einnig fullyrt að sukk við veisluhöld og ferðir sendinefnda til annarra landa hafi jafnvel valdið hneykslan utan landsteinanna. Þetta hafi svo í för með sér óreiðu í ríkisfjármálum sem lendir á hinum vinnandi manni í formi skattþínungar og dýrtíðar.⁷⁹

Eins og fyrr greinir hér frá verður síðasta landsfundarinn helst minnst fyrir skýra stefnumörkun hvað varðaði Efnahagsbandalag Evrópu. Þjóðvarnarflokkurinn var andvígur því að Íslendingar gerðust að nokkru leyti aðilar að bandalaginu, eins og þá hafði verið til umræðu í þjóðfélaginu. Töldu þeir að það táknaði að sjálfstæði Íslands myndi líða undir lok. Barátta flokksins myndi því beinast að þessu máli. Miðstjórn flokksins var falið að ákveða þátttöku flokksins í næstu kosningum, sem átti umfram allt að tryggja meirihluta gegn Efnahagsbandalaginu á Alþingi.⁸⁰ Þessi ákvörðun varð til þess að flokkurinn gekk til samstarfs við Alþýðubandalagið í kosningunum 1963, eins og áður segir.

Sameiginleg stefnuskrá Alþýðubandalags og Þjóðvarnarflokksins, fyrir kosningarnar 1963, kvað á um að höfuðáhersla skyldi lögð á áætlunarbúskap í atvinnumálum. Þá var einnig lögð fram stefna í nokkrum málum öðrum, s.s. verkalýðs-, skatta- og húsnæðismálum. Síðast en ekki síst voru það utanríkismálin, þar sem tekin var afstaða gegn hersetu á Íslandi og landhelgissamningnum frá árinu 1961. Auk þess tóku fylkingarnar afstöðu gegn aðild Íslands að Efnahagsbandalagi Evrópu og Atlantshafsbandalaginu. Segja má að þessi stefnuskrá hafi verið hvað líkust þeirri sem Þjóðvarnarflokkurinn lét frá sér árið 1953, þegar hann var sem róttækastur.⁸¹

⁷⁹ Frjáls þjóð, „Ný alda er risin“ 26. júní 1953.

⁸⁰ Frjáls þjóð, „Stjórnsmálaályktun,“ 22. september 1962.

⁸¹ Ragnar Árnason, „Þjóðvarnarflokkur Íslands,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 1974), 83.

5. Framboðsflokkurinn

5.1. Saga Framboðsflokksins

Hingað til hefur verið fjallað um flokka sem starfræktir voru í nokkur ár og höfðu það vissulega að takmarki að koma frambjóðendum sínum inn á Alþingi. Á næstu blaðsíðum verður fjallað um Framboðsflokkinn, flokkinn sem lifði í rúman mánuð og vildi yfir höfuð ekki ná kjöri til Alþingis. Tilkoma flokksins sýndi vel þá vantrú sem kom upp á fjórflokknum á 7. áratugnum, og var farið yfir í byrjun ritgerðarinnar.

Framboðsflokkurinn var afkvæmi nokkurra nema við Háskóla Íslands kosningaárið 1971. Flokkurinn var formlega stofnaður 1. maí og ákveðið að bjóða fram í þremur kjördæmum: Reykjavík, Reykjanesi og Suðurlandi. Framboðslistar flokksins í þessum kjördæmum, sem samanstóðu að miklu leyti af vinum og kunningjum forystumanna flokksins, var samþykktur stuttu eftir stofnfundin. Á sama tíma var kosinn nokkurs konar formaður flokksins, og fékk hann titilinn stýrimaður, var það Gunnlaugur Ástgeirsson sem hlaut þá kosningu.⁸² Óhætt er að segja að flokksmeðlimir hafi ekki tekið sig of alvarlega, heldur hafi grínið og glensað fengið að ráða för. Það sést t.a.m. á því að meðlimir í miðstjórn voru nefndir hásetar.

Í fyrstu fréttum prentmiðlanna um framboðið töluðu meðlimir flokksins einnig um að kosningar væru bílaleikur, vaxandi hagfótur þyrfti stærri skó og ýmislegt á sömu nótum. Þá var helsta slagorð flokksins „Mannhelgi, skinhelgi, landhelgi“.⁸³ Erlendir fjölmiðlar sýndu þessu grínframboði einnig nokkurn áhuga.⁸⁴ Þegar kom að Ríkisútvarpinu, og því að fá aðild að kosningadagskrá þess, varð þó ljóst að flokkurinn sat ekki við sama borð og aðrir flokkar. Útvarpsráð meinaði t.d. Framboðsflokknum þátttöku í hringborðsumræðum flokksformannanna í sjónvarpi fimm dögum fyrir kosningar. Sló flokkurinn þá upp balli sama kvöld og umræðurnar fóru fram, undir nafninu hringborðsdansleikur, þar sem formönnum hinna flokkanna var sérstaklega boðið að mæta.⁸⁵

⁸² Davíð Roach Gunnarsson, „*Af agnarsmáum byltingum*,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 2010), 16.

⁸³ Gunnlaugur Ástgeirsson, „Framboðsflokkurinn 1971: O-listinn,“ *Saga* 30 (1992): 252-255.

⁸⁴ Árni Þórarinnsson, „Framboð aldarinnar?,“ *Vísir*, 15. apríl 1978.

⁸⁵ Gunnlaugur Ástgeirsson, „Framboðsflokkurinn 1971: O-listinn,“ *Saga* 30 (1992): 264-286.

Flokkurinn fékk þó aðgang að flokkakynningu og stjórn mála fundi í sjónvarpsal, ásamt einum fundi í útvarpi.⁸⁶ Í sjónvarpinu kom berlega í ljós að alvaran var ekki í hávegum höfð meðal frambjóðenda Framboðsflokksins. Málflutningur þeirra var fullur af mótsögnum og útúrslunum hvers konar. „kjósandi góður – virðulega atkvæði“, „Þessari stefnu er ætlað að skapa aukið afkomuöryggi, þ.e.a.s. að öllum landsmönnum verði örugglega tryggðir afkomendur“ og „samband fortíðar og framtíðar má ekki rofna í nútíðinni“ eru dæmi um orðræðuna.⁸⁷ Í útvarpinu gerðist það þó að einn frambjóðendanna, Sigurður Jóhannsson, hélt alvarlega ræðu og sagði t.a.m. sínar skoðanir á vandamálunum í íslenskum stjórnmálum. Ætla má að hann hafi síðan bitið höfuðið af skömminni gagnvart Framboðsflokknum með því að hvetja kjósendur beinlínis til þess að greiða sér, og flokknum, atkvæði sitt. Fór enda svo að Sigurður var sniðgenginn innan flokksins eftir þessa upptöku.

Eftir að fundum á vegum Ríkisútvarpsins lauk hóf Framboðsflokkurinn að taka þátt í fundum innan Suðurlands- og Reykjaneskjördæma, þrátt fyrir að nokkrir fundir hefðu þegar farið fram án þeirra þátttöku. Á þessum fundum minntust frambjóðendur hinna flokkanna til að byrja með ekki á Framboðsflokkinn, sem varð til þess að framboðsmenn fóru að svara ímyndaðri gagnrýni hinna flokkanna á Framboðsflokkinn í ræðum sínum.⁸⁸

Gengið var til kosninga 13. júní og þegar talið hafði verið upp úr kjörkössunum varð ljóst að Framboðsflokkurinn hafði fengið 3% atkvæða í Reykjavík, 3,2% á Reykjanesi og 1,9% á Suðurlandi, samtals 2% á landsvísu.⁸⁹ Gunnlaugur Ástgeirsson segir að flestum flokksfélögum hafi stórlega létt við þau tíðindi að flokkurinn hafi ekki fengið mann kjörinn á þing. Formlegri starfsemi Framboðsflokksins lauk því á kjördag, 13. júní 1971.⁹⁰

5.2. Hugmyndafræði og stefna Framboðsflokksins

Fyrir kosningarnar 1971 hafði viðreisnarstjórnin, ríkisstjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks, setið við völd í samfelld 12 ár. Það var því ákveðin kyrrstaða í íslenskum

⁸⁶ Gunnlaugur Ástgeirsson, „Framboðsflokkurinn 1971: O-listinn,“ *Saga* 30 (1992): 264.

⁸⁷ Davíð Roach Gunnarsson, „*Af agnarsmáum byltingum*,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 2010), 19.

⁸⁸ Gunnlaugur Ástgeirsson, „Framboðsflokkurinn 1971: O-listinn,“ *Saga* 30 (1992): 277-279.

⁸⁹ Hagstofa Íslands, *Kosningaskýrslur* (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1988), 866.

⁹⁰ Gunnlaugur Ástgeirsson, „Framboðsflokkurinn 1971: O-listinn,“ *Saga* 30 (1992): 291.

stjórnámálum, enda höfðu átakalínurnar verið að miklu leyti þær sömu í langan tíma. Á sama tíma var þó ákveðið rót komið á stjórnmalin, þar sem hið hefðbundna fjórflokkakerfi virtist ekki vera eins sterkt og fyrr hafði verið eins og áður hefur verið komið inn á. Samtök frjálslyndra og vinstri manna höfðu t.a.m. verið stofnuð og forsetakosningarnar 1968 einnig gengið þvert á flokksbönd. Ennfremur hafði hin svokallaða hippamenning og stúdentauppreisnir mikil áhrif á ungt fólk, sem var í menntaskólum og háskóla á þessum árum. Í báðum tilvikum var barist gegn ríkjandi viðhorfum og því þjóðfélagi sem ungt fólk bjó við. Virðing fyrir valdhöfum var minni en áður.

Framboðsflokkurinn kemur upp úr þessum jarðvegi. Þeir sem stóðu að honum voru flestir á aldrinum 20 til 22 ára, nýkomnir í háskóla úr menntaskólum. Að þeirra mati voru stjórnmalin algjörlega stöðnuð þar sem sömu frasararnir voru notaðir, orðnir merkingalausir fyrir löngu. Frumtilgangur flokksins var því að vekja fólk til vitundar um málflutning lýðskrumara, þá sérstaklega ríkjandi valdhafa en einnig annarra stjórnmalaflokka. Framboðsflokkurinn var einnig einhverskonar samfélagstilraun, prófsteinn á lýðræðið. Hvernig brygðist stjórnkerfið við flokki sem þessum og hversu langt væri hægt að komast með grínið.⁹¹ Lög flokksins voru í þessum anda, en þar stóð meðal annars að „Markmið flokksins er að efla stjórnmalalega einingu með því að hnoða saman öllum hugsjónum og stjórnmalastefnum landsmanna innan ramma eins flokks“.⁹² Hugðist flokkurinn ná markmiðum sínum með því að stórauka merkingarsnautt skruðmælgí. Auk þess muni öllum Íslendingum vera gefin kostur á að skipa sæti á framboðslista, ef þeir þess óskuðu.

Í sjónvarpsviðtali, sem tekið var fljótlega eftir að ljóst varð að af framboðinu yrði, kemur fram áðurnefnd stefna um að sameina megin stefnur í íslenskum stjórnámálum í einn flokk. Einnig kemur fram stuðningur við NATO, en að flokkurinn vilji krefja bandaríska herinn um leigu af herstöðinni ásamt því að bjóða Rússum flotaaðstöðu í Loðmundarfirði. Má því segja að tónn kosningabaráttunnar hafi verið settur í viðtalinu.⁹³ Stefna flokksins var eins og gefur að skilja sett fram í þeim tilgangi að sýna fram á hversu merkingalaus málflutningur

⁹¹ Gunnlaugur Ástgeirsson, „Framboðsflokkurinn 1971: O-listinn,“ *Saga* 30 (1992): 246-248.

⁹² Gunnlaugur Ástgeirsson, „Framboðsflokkurinn 1971: O-listinn,“ *Saga* 30 (1992): 251.

⁹³ Gunnlaugur Ástgeirsson, „Framboðsflokkurinn 1971: O-listinn,“ *Saga* 30 (1992): 251-257.

fjórflokksins væri orðinn. Það er því ekki heiglum hent að skrifa í löngu máli um stefnu flokksins, eins og hinna flokkanna sem mætti kalla “alvöruhefin” framboð. Hér verður þó settur fram nokkurs konar listi, sem var hluti af ræðu Gunnlaugs Ástgeirssonar á framboðsfundi í sjónvarpssal. Er hann settur fram til að gefa einhverja hugmynd um í hvaða formi gagnrýni flokksins kom fram:

Stefna Framboðsflokksins í menntamálum er að auka menntun.

Stefna Framboðsflokksins í skólumálum er að fjölga skólum.

[...]

Stefnan í tryggingamálum er að bæta tryggingar.

[...]

Stefnan í húsbýggingamálum er að stækka íbúðir með því að minnka herbergjafjöldann.

Stefna flokksins í samgöngumálum er að auka samgöngur.

[...]

[...]

Stefna flokksins í vegagerðarmálum er að lagður verði hringvegur umhverfis landið, hringvegur í hverju kjördæmi, í hverri sýslu og í hverri sveit, þannig að landið verði allt markað stórum o-um.

[...]

Stefnan í siglingamálum er norð-norð-austur.

[...]

Stefna Framboðsflokksins í flugmálum er betra skyggni.

Flokkurinn er á móti mengun.

[...]

Stefna flokksins í áfengismálum er ódýrara áfengi.

Stefnan í bindindismálum er meira bindindi.

[...]

Stefna flokksins í útflutningsmálum er að auka útflutning, en í innflutningsmálum að minnka innflutning.

Stefnan í sjávarútvegsmálum er að auka fiskveiðar, með vaxandi vernd fiskimiða, og auka verðmæti aflans með bættri nýtni og fullkomnari tækjum í landi.

[...]

Stefna flokksins í fiskiðnaðarmálum er að auka fiskiðnað en í öðrum iðngreinum að auka iðnað.

Stefna Framboðsflokksins í stóriðjumálum er að stórauka stóriðju.⁹⁴

Með tilkomu Framboðsflokksins varð því erfiðara fyrir stjórnámálamenn að nota slagorð og frasa, en hann sýndi einnig að fámennur hópur gat boðið fram í kosningum. Hægt er að ímynda sér að tilkoma flokksins árið 1971 hafi átt einhvern þátt í að fimm framboð, auk Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, buðu fram í alþingiskosningunum fjórum árum seinna. Það er því mögulega hægt að segja að Framboðsflokkurinn hafi verið tákn um nýja tíma, þar

⁹⁴ Gunnlaugur Ástgeirsson, „Framboðsflokkurinn 1971: O-listinn,“ *Saga* 30 (1992): 275.

sem umræðan opnaðist með útvarpi, sjónvarpi og óháðari blöðum, auk þess sem atlögum að fjórflokknum fjölgaði.⁹⁵

⁹⁵ Gunnlaugur Ástgeirsson, „Framboðsflokkurinn 1971: O-listinn,“ *Saga* 30 (1992): 296.

6. Samtök um Kvinnalista

6.1. Saga Kvinnalistans

Frá því að fyrsta konan var kjörin á Alþingi Íslendinga árið 1922, og þar til Kvinnalistinn bauð fram árið 1983, höfðu einungis 12 konur setið á þingi og ein af þeim orðið ráðherra.⁹⁶ Segja má að Kvinnalistinn eigi ættir sínar að rekja til Kvannaframboðsins sem bauð fram í sveitarstjórnarkosningunum 1982. Bauð framboðið fram í Reykjavík og á Akureyri og náði glæsilegri kosningu á báðum stöðum. Tæp 11% í Reykjavík og rúm 17% á Akureyri og tvo fulltrúa kjörna á hvorum stað.⁹⁷ Ein af þeim var Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sem síðar átti eftir að verða borgarstjóri í Reykjavík, þingmaður Kvinnalistans og Samfylkingarinnar. Formaður Samfylkingarinnar og utanríkisráðherra.⁹⁸

Kannski væri réttast að segja Kvannaframboði vera stóru systur Kvinnalistans. Góður árangur Kvannaframboðsins varð til þess að hugmyndir kviknuðu um framboð til Alþingis. Aðdragandinn að því framboði var þó enginn dans á rósum, þar sem miklar rökræður fóru fram um hvort bjóða ætti fram. Sá hluti kvennanna sem studdi þingframboð leit svo á að með því að geta lagt fram frumvörp og tillögur á Alþingi tengdum hagsmunum kvenna, væri komin besta leiðin í gegnum kerfið. Auk þess væri fjallað meira um hvað gerðist inn á Alþingi, en á sveitarstjórnarstiginu í fjölmiðlum.⁹⁹ Margar kvannaframboðskonur töldu að rétti tíminn væri fyrir framboð til Alþingis. Íslenska flokkakerfið var líka farið að riðlast og tryggð kjósenda við flokka að veikjast.¹⁰⁰

Aðrar bentu þó á að Kvannaframboðinu hefði aðeins verið ætlað að vera tímabundið framboð, þannig að hópurinn var tvískiptur í afstöðu sinni. Fyrsta tillagan um framboð til Alþingis var enda felld, þrátt fyrir að lokaniðurstaðan yrði sú að Samtök um Kvannaframboð

⁹⁶ Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd*“, (Reykjavík: Sögufélag, 2007), 129-130.

⁹⁷ *Morgunblaðið*, „Heildarúrslit í kaupstöðum,“ 25. maí 1982.

⁹⁸ Alþingisvefurinn, „Ingibjörg Sólrún Gísladóttir – æviágrip,“ <http://www.althingi.is/alttext/cv/?nfaerslunr=264> (sótt 29. maí 2013).

⁹⁹ Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd*“, 129-133.

¹⁰⁰ Kristín Erla Benediktsdóttir, „*Kvinnalistinn: „Saga mikilla átaka, saga sigra og ósigra, saga gleði og vonbrigða*“,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 2011), 17.

myndi ekki hafna framboði til Alþingis heldur styðja þær konur sem bjóða vildu sig fram. Samtökin myndu þrátt fyrir það ekki standa fyrir slíku framboði.¹⁰¹

Ekki er hægt að segja að stjórnámálameðmönnum hafi tekið framboðið alvarlega til að byrja með. Voru konurnar oft spurðar hvers vegna þær gengju ekki í einhvern af hinum flokkunum, sem væru með mál þeirra á stefnuskránni. Framboð kvennanna var þó ekki sama eðlis og hinna hefðbundnu flokka.¹⁰² Það má því segja að Kvennalistakonur hafi fagnað sigri þegar niðurstaða kosninganna var ljós. Listinn fékk 5,5% atkvæða og þrjú þingsæti í sinn hlut. Í Reykjavík var fylgið mest 8,4% og fékk listinn tvær konur á þing þaðan, þær Guðrúnu Agnarsdóttur og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur. Í Reykjaneskjördæmi komst Kristín Halldórsdóttir inn á þing, en listinn fékk 7,2% þar. Í Norðurlandskjördæmi eystra var fylgið síðan 5,8%.¹⁰³ Sumir fögnuðu þessari niðurstöðu með Kvennalistanum, á meðan að aðrir töldu ekki mikla framtíð fyrir sérstakt kvennaframboð á Alþingi til lengri tíma litið.¹⁰⁴

Guðrún og Kristín áttu báðar eftir að verða fyrirferðamiklar í sögu Kvennalistsins. Kristín sat lengst þingmanna Kvennalistsins á Alþingi, alls í tíu ár.¹⁰⁵ Guðrún sat í sjö ár á þingi en hætti árið 1990. Stuttu seinna varð hún forstjóri Krabbameinsfélags Íslands, en hún er læknismenntuð. Því starfi gengdi hún í 17 ár.¹⁰⁶ Árið 1996 varð Guðrún þriðja í kjöri til Forseta Íslands með 26,4% atkvæða.¹⁰⁷

Hinir rötgrónnu flokkar brugðust þó við með því að setja konur ofar á lista sína.¹⁰⁸ Það kom berlega í ljós í kosningunum 1987 þegar alls þrettán konur voru kosnar á Alþingi, og höfðu aldrei verið fleiri. Sex þeirra komu frá Kvennalistanum, sem tvöfaldaði nærri því fylgi sitt frá fyrri kosningum. Kvennalistakonur tóku þátt í stjórnarmyndunarviðræðum eftir

¹⁰¹ Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd*“, 132-138.

¹⁰² María Hengren, Eva Swedenmark og Annica Wennström, *Gegnum glerþakið*, þýðandi Björg Árnadóttir (Reykjavík: Kvennréttindafélag Íslands, 1999), 110-111.

¹⁰³ Hagstofa Íslands, *Kosningaskýrslur* (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1988), 1039-1040.

¹⁰⁴ Helga Sigurjónsdóttir, „Kvennalistinn: Hvers konar afl?“, *Vera* 7. árg. 3. tbl. (1988): 5.

¹⁰⁵ Alþingisvefurinn, „Kolbrún Halldórsdóttir – æviágrip,“ <http://www.althingi.is/alttext/cv/?nfaerslunr=390> (sótt 29. maí 2013).

¹⁰⁶ Alþingisvefurinn, „Guðrún Agnarsdóttir – æviágrip,“ <http://www.althingi.is/alttext/cv/?nfaerslunr=200> (sótt 29. maí 2013).

¹⁰⁷ Hagstofa Íslands, *Forsetakjör 1996* (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1997), 20.

¹⁰⁸ Jón Birgir Pétursson, „Út úr pólitík af ótta við Jóhönnu,“ *Dagblaðið Vísir*, 19. desember 1998.

kosningarnar, en upp úr þeim slitnaði. Var það ekki síst vegna þess að lítil vilji var til þess að mæta kröfum þeirra um jöfn launakjör kynjanna. Töldu Kvinnalistakonur sig þó hafa dregið úr kröfunum eins og hægt var.¹⁰⁹

Ekki vantaði þó gagnrýni á konurnar, og voru þær sakaðar kjarkleysi og að vilja ekki axla ábyrgð. Á það bæði við stjórnarmyndunarviðræður árið 1987, og árið eftir 1988. Þá var þeim reyndar ekki boðið að borðinu fyrr en seint í stjórnarmyndunarferlinu, og fengu engin áhrif að hafa á það sem rætt var þar.¹¹⁰ Við tók því annað kjörtímabil í stjórnarandstöðu. Í alþingiskosningunum 1991 dalaði fylgi Kvinnalistans heldur, fór úr 10,1% í 8,3% og missti eitt þingsæti. Fylgið var ennþá mest í Reykjavík en þar fékk listinn tæp 12% atkvæða og þrjú þingsæti. Kvinnalistinn fékk einnig þingsæti í Reykjanesi (6,9%) og Vestfjörðum (7,8%).¹¹¹

Þrátt fyrir þetta fylgistap hafði engum nýjum flokk eða lista tekist að ná sama árangri og Kvinnalistinn hafði nú náð. Þrátt fyrir það hafði kosningabaráttan verið erfið og innanhús átök tekið sinn toll, og úrslit kosninganna vakið upp ýmsar spurningar varðandi stöðu listans.¹¹² Almennt var fylgistapið útskýrt með því að konum hefði fjölgað í öðrum flokkum, árangur sérframboða væri yfirleitt ekki mikill og að innbyrðisdeilurnar hefðu ekki hjálpað til.¹¹³

Eftir töluverðar umræður um framtíð Kvinnalistans var ákveðið að bjóða fram í kosningunum árið 1995. Kominn var fram ný kynslóð af konum sem vildu ná langt með sína frambjóðendur. Það sást til að mynda á því, að í fyrsta skipti í sögu Kvinnalistans voru einstaka frambjóðendur auglýstir en ekki hreyfingin í heild. Þar fyrir utan þótti vera lítil kraftur í kosningabaráttunni.¹¹⁴ Það kom því kannski ekki að óvart að enn tapaði listinn fylgi.

¹⁰⁹ Kristín Jónsdóttir, „Hlustaðu á þína innri rödd“, 193-200.

¹¹⁰ Þórhildur Þorleifsdóttir, „Er Kvinnalistinn á leið út úr íslenskum stjórnmálum?“, *Morgunblaðið*, 9. júní 1990.

¹¹¹ Hagstofa Íslands, „Kosningaúrslit í alþingiskosningum eftir kjördæmum 1959-1999“, Kosningar, <http://www.hagstofa.is/?PageID=829&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=KOS02124%26ti=Kosninga%FArslit+%ED+al%FEingiskosningum+eftir+kj%F6rd%E6mum+1959%2D1999+%26path=../Data+base/kosningar/althurslit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi> (sótt 5. júní 2013).

¹¹² Kristín Jónsdóttir, „Hlustaðu á þína innri rödd“, 219.

¹¹³ Kristín Ástgeirsdóttir, „Kvinnalistinn og félagshyggjuöflin“, *Morgunblaðið*, 7. september 1997.

¹¹⁴ Kristín Jónsdóttir, „Hlustaðu á þína innri rödd“, 229.

Fimm prósent atkvæða var staðreynd og þrjú þingsæti, jafn mörg og í fyrstu kosningunum tólf árum áður. Kosningarnar 1995 voru þær síðustu sem Kvinnalistinn bauð fram í. Hann gekk inn í Samfylkinguna fyrir kosningarnar 1999, og þar með lauk sögu Kvinnalistans á þingi.¹¹⁵ Í kosningunum 1995 fékk listinn, eins og áður sagði, 5% atkvæða og voru Reykjavík og Vestfirðir aftur sterkasta vígi hans. Þrátt fyrir að fá 5,7% á Vestfjörðum missti listinn þingsæti sitt þar. Sjö prósent fylgi í Reykjavík tryggði honum þó tvö þingsæti, auk þess sem hann fékk eitt á Reykjanesi (4,2%).¹¹⁶

6.2. Hugmyndafræði og stefna Kvinnalistans

Helsta einkenni kvennabaráttu á Íslandi er að hún er réttindabarátta, þar sem konur kröfðust ákveðna réttinda. Þessi baráttu skiptist í þrjú tímabil. Fyrst er baráttu kvenna um aldamótin 1900, þar sem farið var fram á lagaleg réttindi; kosningarétt, kjörgengi og rétt til menntunar. Þrátt fyrir að þessi réttindi hafi fengist áttu karlar sviðið hvað varðaði stjórnám fram eftir öldinni, og konur áttu ekki auðvelt með þátttöku í stjórnámum. Á 8. áratugnum tók við annað tímabil, þar sem Rauðsokkuhreyfingin barðist fyrir réttinum til launaðrar vinnu. Kvannaframboðið og Kvinnalistinn leiddu svo þriðja tímabil baráttunnar þar sem hún fór fram innan valdakerfisins.¹¹⁷

Kvinnalistinn byggði hugmyndafræði sína á róttækum femínisma, en skv. honum eru konur kúgaðar á grundvelli kyns síns. Þjóðfélagið einkennist af karlaveldi sem hefur staðið af sér allar breytingar sögunnar. Karlaveldið hefur gert það vegna þess hve djúpt það er grafið sögulega, samfélagslega og menningarlega.¹¹⁸ Kvinnalistakonur vildu koma að fulltrúum kvenna þar sem ákvarðanir voru teknar til að leiðrétta lýðræðishallan sem var í

¹¹⁵ Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd*“, 232-233.

¹¹⁶ Hagstofa Íslands, „Kosningaúrslit í alþingiskosningum eftir kjördæmum 1959-1999,“ Kosningar, <http://www.hagstofa.is/?PageID=829&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=KOS02124%26ti=Kosninga%FArslit+%ED+al%FEingiskosningum+eftir+kj%F6rd%E6mum+1959%2D1999+%26path=../Data+base/kosningar/althurslit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi> (sótt 5. júní 2013).

¹¹⁷ Kristín Erla Benediktsdóttir, „*Kvinnalistinn: „Saga mikilla átaka, saga sigra og ósigra, saga gleði og vonbrigða*“,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 2011), 6.

¹¹⁸ Þorgerður Einarsdóttir, „„Hið vísindalega er pólitískt“: Femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga,“ í *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*, ritstj. Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson, (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004): 212.

samfélaginu.¹¹⁹ Þær töldu reynsluheim kvenna annan en karla, og að viðhorf þeirra til ýmisa mála væri öðruvísi vegna stöðu sinnar í þjóðfélaginu. Þær ættu því að fá að hafa eitthvað að segja sjálfar um málefni sín.¹²⁰ Kvinnalístinn vildi samfélag þar sem pláss var fyrir pólitík og sérhagsmuni kvenna. Þær vildu ennfremur breyta samfélaginu og stofnunum þess innan frá. Þær neituðu auk þess hugtökum eins og hægri og vinstri.¹²¹ Kvinnalístinn neitaði að staðsetja sig á hægri-vinstri kvarðanum vegna þess að sameiginleg reynsla kvenna væri ekki skilgreind innan hægri, vinstri íslenskra stjórn mála. Kvinnalístinn byggði aftur á móti hugmyndafræði sína og stefnu á þessari sameiginlegu reynslu.¹²²

Áhersla kvennanna var að koma umhyggju- og ábyrgðarsjónarmiðum í stjórn málaumræðuna. Þannig vildu þær túlka sýn kvenna á lífið og reynslu þeirra af því.¹²³ Þær kröfðust þess að samfélagið færi að taka tillit til sérstöðu kvenna. Vinnumarkaðurinn ætti að vera skipulagður þannig að konur hefðu jafna möguleika á við karla, þrátt fyrir að þær hafi eignast börn.¹²⁴ Stefnuskra Kvinnalístans fór fram á að húsmæðrastörf skyldu metin til starfsreynslu á vinnumarkaði auk þess sem lífeyris- og tryggingamál húsmæðra yrðu endurskoðuð. Allar konur áttu að fá sex mánaða fæðingarorlof, óháð stétt eða stöðu. Skilgreina átti hugtökin arðsemi og hagkvæmni upp á nýtt. Mannlegt verðmætamat og samábyrgð ætti að hafa að leiðarljósi við hagstjórnina, þar sem tekið væri tillit til raunverulegrar stöðu þjóðarbúsins. Hafna ætti neytlusjónarmiðum og lífsgæðakapplaupi. Reka ætti þjóðarbúið eins og hin hagsýna húsmóðir væri við stjórnvölinn.¹²⁵

Eftir að Kvinnalístinn var kominn inn á þing reyndu þingkonur hans að vekja athygli á málaflökkum sem höfðu orðið útundan í umræðunni. Mál eins og ofbeldi gegn konum og börnum, sem höfðu áður frekar verið talin persónuleg vandamál. Kvinnalístinn taldi aftur á móti að þessi mál vörðuðu samfélagið allt. Fyrsta þingmálið sem þingkonur hans komu í

¹¹⁹ Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd*“, 47.

¹²⁰ Helga Kress, „Hvers má sín ein kona gagnvart 19 karlmönnum?“, *Þjóðviljinn*, 18. júlí 1981.

¹²¹ Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd*“, 13.

¹²² Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, „Þá féndur fallast í faðma“, *Morgunblaðið*, 5. febrúar 1987.

¹²³ Anna Sveinbjarnardóttir, „Heimspeki er nauðsynleg lífinu!“, *Morgunblaðið*, 31. janúar 1993.

¹²⁴ Kristín Ástgeirsdóttir, „Hvert liggja ræturnar“, *Vera* 7 (1988): 9-10.

¹²⁵ Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd*“, 143-144.

gegnum þingið, var þingsályktunartillaga sem kvað á um könnun á rannsóknum og meðferð nauðgunarmála. Þær höfðu einnig mikil áhrif á að fæðingarorlof kvenna var lengt úr þremur mánuðum í sex. Ennfremur lögðust þær gegn stóriðju og börðust fyrir því að Ísland tæki þátt í verndun jarðarinnar og lífríkisins.¹²⁶

Í byrjun 10. áratugarins fór að bera á hugmyndafræðilegum ágreiningi innan Kvinnalistsans. Hópur innan hans vildi frekar horfa til þess sem aðgreindi konur í anda póstmódernisma, en ekki flokka þær saman á grundvelli kynferðis eða sameiginlegs reynsluheims og verið hafði. Þær konur sem tilheyrðu þessum hópi litu svo á að það ýtti undir eðlishyggju og viðhaldi staðalímýndum. Þessu voru þó ekki allar konurnar sammála og töldu sumar þeirra að póstmódernisminn sundraði og voru ósáttar með að ekki væri lögð nógu mikil áhersla á systrasamstöðu. Smá saman myndaðist togstreita á milli þessara tveggja hópa. Niðurstaðan varð þó sú að stefnuskrá Kvinnalistsans var endurskoðuð fyrir alþingiskosningarnar 1991, þannig að lögð var áhersla á margbreytileikann. Konur væru mismunandi eftir stöðu í einkalífi og/eða vinnumarkaði. Hugmyndum um ákveðið gildismat var þó enn haldið á lofti. Bætt var við kafla um málefni samkynhneigðra, sem og kafla um málefni fatlaðra.

Ofan á þennan hugmyndafræðilega ágreining bættust þrjú mál sem reyndust Kvinnalistanum erfið. Ekki náðist samstaða um afstöðuna til EES-samningsins, sem kom sér illa fyrir listann þar sem samstaða hafði verið helsta einkenni hans. Ágreiningur var einnig uppi varðandi samstaf Kvinnalistsans við önnur stjórn málaöfl, í Reykjavíkurlistanum annars vegar og Samfylkingunni hins vegar.¹²⁷

Skipulag Kvinnalistsans var öðruvísi en annarra stjórn málaflakka, og hafði þannig nokkra sérstöðu í hinu pólitíska litrófi. Samtökin voru ekki hugsuð fyrir atvinnupólitíkusa heldur vettvangur þar sem konur gátu unnið saman að því að koma kvennapólitík á framfæri í samfélaginu.¹²⁸ Kvinnalistinn var í raun og veru grasrótarhreyfing þar sem aðaláhersla var lögð á, í skipulagi þeirra, að dreifa valdinu. Hann hafði t.a.m. aldrei formann. Listinn tók

¹²⁶ Kristín Erla Benediktsdóttir, „Kvinnalistinn: „Saga mikilla átaka, saga sigra og ósigra, saga gleði og vonbrigða“,“ (B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 2011), 19-20.

¹²⁷ Kristín Jónsdóttir, „Hlustaðu á þína innri rödd“, 223-226.

¹²⁸ Sólveig Ólafsdóttir, „Kvinnalistinn: Tímabundin aðgerð“, *Alþýðublaðið*, 9. júlí 1988.

einnig upp svokallað útskiptakerfi. Það kerfi gekk út á að hver þingkona sat ekki lengur en í fjögur til sex ár á Alþingi í einu. Í nefndum sátu konur á vegum Kvinnalistsans frá sex mánuðum og allt upp í tvö ár. Þessi regla átti að auðvelda konum að taka þátt í umræðunni, og fjölga þeim sem það gerðu á sama tíma. Fljótlega kom þó í ljós að þessi regla hafði sína galla. Þær konur sem sátu í nefndum töldu oft á tíðum vera skipt of ört. Þær væru rétt að komast inn í málinn þegar þær þyrftu að víkja fyrir næstu konu. Einnig fór að bera á því að kjósendur létu í ljós gremju sína yfir því að þingkonur sem þeir voru farnir að þekkja og meta fyrir störf sín, væri skipt út. Kvinnalistinn hvarf því frá útskiptareglunni, en samþykkti þess í stað að fulltrúar Kvinnalistsans mættu ekki sitja lengur en tvö kjörtímabil í senn.

Þrátt fyrir að Kvinnalistasakonu hafi ef til vill ekki náð eins mörgum málum sínum í gegnum þingið, og þær hefðu viljað, höfðu þær mikil áhrif á umræðuna. Eitt mála Kvinnalistsans sem komst í gegnum Alþingi, var þingsályktunartillaga sem mælti um að starfsreynsla við heimilisstörf yrðu metin á sama hátt og um væri að ræða reynslu af störfum hjá opinberum aðilum.¹²⁹ Þá settu fjórflokkarnir jafnréttismál á stefnuskrár sínar.¹³⁰ Málefni kvenna komust því á dagskrá stjórnmalanna.

¹²⁹ Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd*“, 162-185.

¹³⁰ Kristín Ástgeirsdóttir, „Aftur á byrjunarreit,“ *Vera* 14. árg. 2. tbl. (1995): 6.

7. Frjálslyndi flokkurinn

7.1. Saga Frjálslynda flokksins

Óhætt er að segja að fáir flokkar á Íslandi hafi verið stofnaðir undir svipuðum kringumstæðum og Frjálslyndi flokkurinn árið 1998. Forsaga stofnunarinnar var sú að í september 1998 tilkynntu stjórn Samtaka um þjóðareign og fylgismenn Sverris Hermannssonar um stofnun stjórn málaflokks, Frjálslynda flokksins. Halda skyldi stofnfund flokksins í nóvember sama ár og stefnt væri á að bjóða fram í öllum kjördæmum í alþingiskosningunum 1999. Á kynningarfundum sem haldinn var til að kynna væntanlegt framboð koma fram að í upphafi legði flokkurinn ofuráherslu á breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Kom það kannski engum að óvart enda höfðu Samtök um þjóðareign barist gegn því kerfi frá stofnun sinni ári fyrr. Flokkurinn boðaði þó að hann myndi móta stefnu í öllum helstu málaflokkum.¹³¹

Það kom þó ekki til þess að þessir tveir hópar sameinuðust með formlegum hætti í einn flokk. Fljótlega kom upp ágreiningur á milli hópanna þar sem Samtökin lögðust gegn því að Sverrir yrði formaður flokksins, en studdu þess í stað Bárð Halldórsson formann þeirra. Töldu þeir meðal annars að Sverrir væri óhæfur til að leiða flokkinn vegna spillingarmála innan Landsbankans þegar hann var einn af bankastjórum hans.¹³² Sverrir hafði verið einn af þremur bankastjórum Landsbankans sem sögðu af sér í apríl 1998 vegna laxveiði- og risnumála þeirra.¹³³ Hafði hann þá verið bankastjóri frá árinu 1988. Sverrir sat á Alþingi fyrir Sjálfstæðisflokk og var þingmaður Austurlandskjördæmis frá 1971 til 1988 þegar hann lét af þingmennsku. Hann gengdi embætti iðnaðarráðherra 1983-1985, og embætti menntamálaráðherra frá 1985-1987.¹³⁴

Málalok þessarar deilu urðu þau að Sverrir og stuðningsfólk hans stofnuðu Frjálslynda flokkinn degi fyrir auglýstan stofnfund, eða þann 26. nóvember, þar sem kosinn var bráðabirgðastjórn með Sverri sem formann. Ákveðið var að landsþing yrði haldið í janúar

¹³¹ *Morgunblaðið*, „Tekur tvö ár að komast úr núverandi kerfi,“ 25. september 1998.

¹³² *Dagblaðið Vísir*, „Á Sverrir Hermannsson að verða formaður Frjálslynda flokksins,“ 24. nóvember 1998.

¹³³ *Dagblaðið Vísir*, „Bankastjórnir hættir,“ 14. apríl 1998.

¹³⁴ *Alþingisvefurinn*, „Sverrir Hermannsson - æviágrip,“ <http://www.althingi.is/alttext/cv/?nfaerslunr=573> (sótt 29. maí 2013).

1999 þar sem stefna flokksins yrði mótuð frekar og undirbúningur hafin að framboði til Alþingis þá um vorið.¹³⁵

Fyrir alþingiskosningarnar 1999 bauð flokkurinn fram í öllum kjördæmum landsins. Leiddi Sverrir lista flokksins í Reykjavík kjördæmi. Á meðal annarra sem áttu sæti á listum flokksins voru t.a.m. Eggert Haukdal, fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sem var oddviti flokksins í Suðurkjördæmi. Guðjón Arnar Kristjánsson, fyrrum varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, leiddi lista flokksins í Vestfjarðakjördæmi en í öðru sæti á listanum var Pétur Bjarnason sem lengi hafði verið varaþingmaður Framsóknarflokksins. Heiðursæti listans í kjördæminu skipaði svo Matthías Bjarnason, fyrrverandi ráðherra Sjálfstæðisflokksins. Þegar úrslit kosninganna, sem fóru fram 8. maí, lágu ljós fyrir var ljóst að flokkurinn hefði unnið stórsigur í Vestfjarðakjördæmi þar sem hann fékk 17,7% atkvæða. Guðjón Arnar varð því kjördæmakjörinn þingmaður og tók hann Sverri Hermannsson með sér sem uppbótarþingmann í Reykjavík. Annars staðar á landinu fékk flokkurinn á bilinu 1,9 til 4,6% fylgi og því 4,2% yfir landið allt.¹³⁶ Það var því fámennur þingflokkur sem tók sér stöðu í stjórnarandstöðu eftir kosningar.

Á haustmánuðum árið 2000 létu innanflokksátök aftur á sér kræla þegar Gunnar Ingi Gunnarsson hætti sem varaformaður, en hann hafði gengt því embætti frá stofnun flokksins, vegna ágreinings við Sverri Hermannsson.¹³⁷ Í janúar árið eftir var Guðjón Arnar Kristjánsson kjörinn varaformaður flokksins á landsþingi hans. Á sama þingi var ákveðið að stenft skyldi að því að flokkurinn byði fram í sveitarstjórnarkosningum ári síðar, ýmist sér eða í samstarfi við aðra flokka.¹³⁸ Vorið 2002 bauð flokkurinn svo fram í þremur sveitarfélögum ásamt óháðum; Reykjavík, Ísafjarðarbæ og sveitarfélaginu Skagafirði. Flokkurinn mátti una vel við úrslitin. Listi flokksins í Reykjavík fékk 6,1% atkvæða og náði inn manni í borgarstjórn, Ólafi F. Magnússyni fyrrum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Eins og við mátti búast var útkoma flokksins best í Ísafjarðarbæ, þar sem hann fékk 13,4% atkvæða og einn mann í sveitarstjórn,

¹³⁵ Guðmundur Rúnar Hreiðarsson, „Brigslyrðin ganga á víxl,“ *Dagur*, 27. nóvember 1998.

¹³⁶ Hagstofa Íslands, *Hagtíðindi: Kosningar* (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2002), 42-51.

¹³⁷ Guðmundur Rúnar Hreiðarsson, „Sverrir hótar málsókn,“ *Dagur*, 19. október 2000.

¹³⁸ *Morgunblaðið*, „Stefnt að framboði í næstu sveitarstjórnarkosningum,“ 23. janúar 2001.

Það var Magnús Reynir Guðmundsson fyrrverandi varaþingmaður Framsóknarflokksins. Í Skagafirði fékk flokkurinn ágæta kosningu 5,6% atkvæða, en náði ekki manni inn.¹³⁹

Á fjórða landsþingi flokksins, í mars 2003, tók Guðjón Arnar við formennsku af Sverri Hermannssyni sem hætti formlegum afskiptum af stjórnmálum. Á sama þingi var Magnús Þór Hafsteinsson, fiskifræðingur, kjörinn varaformaður.¹⁴⁰

Úrslit alþingiskosninganna, sem fram fóru 10. maí sama ár, voru Frjálslynda flokknum ánægjuleg. Flokkurinn fékk 7,4% atkvæða og tvöfaldaði þingmannatölu sína, fékk fjóra menn kjörna. Guðjón Arnar Kristjánsson og Sigurjón Þórðarson í Norðvesturkjördæmi, Magnús Þór Hafsteinsson í Suðurkjördæmi og Gunnar Örlygsson í Suðvesturkjördæmi. Eins og áður voru það Vestfirðirnir sem voru sterkasta vígi flokksins, en þeir voru nú hluti af Norðvesturkjördæmi. Þar fékk flokkurinn 14,2% fylgi, en á bilinu 5,5% til 8,7% í öðrum kjördæmum¹⁴¹

Flokkurinn var þó áfram í stjórnarandstöðu, og þegar kjörtímabilið var hálfnað fækkaði þingmönnum flokksins þegar Gunnar Örlygsson gekk úr flokknum eftir persónulegar erjur við Magnús Þór varaformann.¹⁴² Fyrr um vorið hafði Gunnar boðið sig fram gegn Magnúsi, til varaformanns, á landsþingi flokksins en ekki haft erindi sem erfiði. Engar breytingar urðu á forystuliði flokksins á þinginu.¹⁴³

Í sveitarstjórnarkosningunum árið 2006 bauð flokkurinn fram í sex sveitarfélögum, ýmist sér eða með óháðum. Auk þess átti hann aðild að Í-listanum í Ísafjarðarbæ, sem var sameiginlegt framboð Frjálslynda, óháðra, Samfylkingarinnar og Vinstri Grænna. Sveitarfélögin sex voru: Reykjavík, Reykjanesbær, Grindavík, Akranes, Sveitarfélagið Skagafjörður og Vestmannaeyjar. Var fylgi flokksins yfir kjölfylgi hans í öllum sveitarfélögum utan Reykjanesbæjar, eða á bilinu 7,5% í Vestmannaeyjum til 11,9% í Grindavík. Náði

¹³⁹ Hagstofa Íslands, *Hagtíðindi: Kosningar* (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2005), 28-30.

¹⁴⁰ *Morgunblaðið*, „Sannfæring okkar mun keyra okkur áfram til sigurs“, 10. mars 2003.

¹⁴¹ Hagstofa Íslands, *Hagtíðindi: Kosningar* (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2004), 1-14.

¹⁴² *Dagblaðið Vísir*, „Fermingarveislan fyllti mælinn“, 13. maí 2005.

¹⁴³ *Fréttablaðið*, „Margrét vildi ekki í varaformanninn“, 6. mars 2005.

flokkurinn fulltrúum sínum í sveitarstjórnir í Reykjavík, Grindavík og Akranesi auk þess sem fulltrúi flokksins á Í-lista náði inn á Ísafirði.¹⁴⁴

Veturinn 2006-2007 gekk mikið á innan Frjálslynda flokksins. Mikill titringur varð innan hans þegar Jón Magnússon, og stuðningsmenn hans í Nýju afli gengu í flokkinn. Segja má að hann hafi náð hámarki á landsþingi flokksins í janúar 2007, þar sem Margrét Sverrisdóttir sem verið hafði ritari flokksins og framkvæmdarstjóri bauð sig fram til varaformanns í flokknum gegn sitjandi varaformanni, Magnúsi Þór. Fór svo að Magnús bar sigur úr býtum í kosningunni.¹⁴⁵ Í kjölfarið hætti Margrét í flokknum.¹⁴⁶ Um svipað leyti gengu hins vegar tveir þingmenn til liðs við hann. Valdimar Leó Friðriksson, sem hafði setið á þingi fyrir Samfylkinguna¹⁴⁷, og Kristinn H. Gunnarsson, fyrrum þingmaður Framsóknarflokks og Alþýðubandalags.¹⁴⁸

Gengið var til kosninga 10. maí og hélt flokkurinn sínu, fékk 7,3% á landsvísu og fjóra þingmenn. Norðvesturkjördæmið var sem áður aðalvígi flokksins með 13,6% en á bilinu 5,9% og 7% í öðrum kjördæmum.¹⁴⁹ Þingmenn flokksins eftir kosningar urðu þeir Guðjón Arnar Kristjánsson og Kristinn H. Gunnarsson úr Norðvesturkjördæmi, Grétar Mar Jónsson úr Suðurkjördæmi og Jón Magnússon Reykjavík suður.¹⁵⁰

Það kjörtímabil sem í hönd fór einkenndist, kannski eins og fleiri, af innanflokkserjum. Í febrúar 2009 gengu Jón Magnússon og Kristinn H. Gunnarsson úr flokknum, með stuttu millibili. Stuttu síðar gekk hins vegar Karl V. Matthíasson til liðs við þingflokk Frjálslyndra úr Samfylkingunni.¹⁵¹ Á landsfundi flokksins stuttu fyrir kosningar bauð Magnús Þór Hafsteinsson, fyrrverandi þingmaður flokksins, sig fram til formanns gegn Guðjóni en hafði ekki erindi sem erfiði. Öll þessi innanhúsátök höfðu þó sitt að segja og gekk flokkurinn mjög

¹⁴⁴ Hagstofa Íslands, *Hagtíðindi: Kosningar* (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2009), 39-43.

¹⁴⁵ *Fréttablaðið*, „Magnús Þór varaformaður,“ 28. janúar 2007.

¹⁴⁶ *Morgunblaðið*, „Frjálslyndi flokkurinn er heillum horfinn“, 30. janúar 2007.

¹⁴⁷ *Morgunblaðið*, „Nýr þingmaður Frjálslyndra,“ 22. janúar 2007.

¹⁴⁸ *Morgunblaðið*, „Yfirgefur Framsókn,“ 9. febrúar 2007.

¹⁴⁹ Hagstofa Íslands, *Hagtíðindi: Kosningar* (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2008), 1-15.

¹⁵⁰ Alþingi, *Handbók Alþingis 2007* (Reykjavík: Skrifstofa Alþingis, 2008), 16-19.

¹⁵¹ *Morgunblaðið*, „Genginn til liðs við Frjálslynda,“ 14. mars 2009.

laskaður til kosninga. Úrslit þeirra voru líka þau að flokkurinn fékk aðeins 2,2% atkvæða og féll af þingi. Í Norðvesturkjördæmi, sem hafði verið sterkasta vígi flokksins, fékk flokkurinn rúm 5% en mun minna í öðrum.¹⁵²

Flokkurinn starfaði þó áfram í einhverri mynd, en var ekki áberandi. Í byrjun árs stóð hann að stofnun stjórnmalasamtaka sem fékk nafnið Dögun ásamt fleiri stjórnmalasamtökum.¹⁵³

7.2. Hugmyndafræði og stefna Frjálslynda flokksins

Í upphafi þegar Frjálslyndi flokkurinn var kynntur til sögunnar var yfirlýsing dreift til fjölmíðla. Í henni stóð m.a.

Frjálslyndi flokkurinn er stjórnmalahreyfing sem leggur áherzlu á frjálsræði, lýðræði og jafnrétti þegnanna. Hann aðhyllist frjálst markaðskerfi og hafnar ríkisforsjá, þar sem því verður við komið. Flokkurinn hafnar með öllu hvers kyns sérréttindum og einokun, hverju nafni sem nefnast, en hefir frelsi einstaklingsins og sjálfstæði til orðs og athafna að leiðarljósi. Frjálslyndi flokkurinn mun móta stefnu í öllum helzt málaflokkum þjóðmála. Í upphafi leggur hann ofuráherzlu á að núverandi kerfi fiskveiðastjórnar verði þegar í stað varpað fyrir róða. Þegnum landsins verði skilað aftur lögmætri eign sinni, auðlindum til lands og sjávar, til nýtingar og arðgjafar. Þetta telur flokkurinn brýnasta verkefni íslenzkra stjórnmalá.¹⁵⁴

Fyrsta landsþing flokksins lagði til að nógildandi kvótaúthlutun yrði afnumin og bann lagt við framsali aflaheimilda. Teknar skyldu upp frjálsar veiðar með sóknarstýringu í a.m.k. tvö ár og sóknarleiga greidd. Ef vel tækist til yrði þessi skipan mála framlengd. Komið yrði á útboði til leigu á afla- og/eða sóknarheimildum þar sem allir þær sem vildu veiða eða verka fisk gætu keppst um þær. Auk þess gætu stjórnvöld tryggt byggðum landsins ákveðin hluta kökunnar.¹⁵⁵ Þá voru frjálsar handfæraveiðar strax vegamikill hluti stefnunnar.¹⁵⁶

Í stjórnmalayfirlýsingu landsþingins er lögð áhersla á að gerðar verði heilbrigðisáætlanir til a.m.k. fimm ára, og að bætur almannatrygginga fylgi launapróun. Lífeyri ætti heldur ekki að tengja við tekjur maka. Þar segir einnig að halda eigi framkvæmdum á hálendi Íslands í lágmarki, auk þess sem að þjóðin eigi að „hafa forræði þeirrar auðlindar sem ósnortin

¹⁵² Hagstofa Íslands, *Hagtíðindi: Kosningar* (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2010), 1-15.

¹⁵³ ruv.is, „Dögun skal hún heita,“ *ruv.is*, 18. mars 2012. <http://www.ruv.is/frett/dogun-skal-hun-heita> (sótt 30. maí 2013).

¹⁵⁴ *Morgunblaðið*, „Tekur tvö ár að komast úr núverandi kerfi,“ 25. september 1998.

¹⁵⁵ *Morgunblaðið*, „Fiskveiðistefna Frjálslynda flokksins,“ 6. mars 1999.

¹⁵⁶ *Dagur*, „Frjálsar krókaveiðar,“ 25. september 1998.

náttúra landsins er.“ Að síðustu lagði hann til að landið yrði gert að einu kjördæmi og þingmönnum fækkað í 51.¹⁵⁷

Ef skoðaðar eru nánar lýðræðishugmyndir Frjálslynda flokksins kemur í ljós að flokkurinn vildi skerpa á þrískiptingu valdsins með því að láta ráðherra víkja af þingi. Samkvæmt hugmyndum flokksins gætu 15% atkvæðisbærra manna látið fara fram þjóðaratkvæðagreiðslur um einstök mál með undirskrift hjá opinberu embætti. Kalla skyldi stjórnlagabing saman á 25 ára fresti til að tryggja stöðuga endurskoðun grundvallarlaga lýðveldisins. Einnig lagði flokkurinn til að skipan dómara við Hæstarétt þyrfti samþykki aukins meirihluta Alþingis, og að nefndafundur þess væru í heyranda hljóði.¹⁵⁸

Þar sem flokkurinn kom fram að miklu leyti vegna óánægju með kvótakerfið, er ekki furða að mikið þúður hafi farið í umræður og skrif um það hjá frambjóðendum flokksins. Einnig kom til óánægja með hve öflug frjálsbyggjan var orðinn, og þá sérstaklega í Sjálfstæðisflokknum, þaðan sem margir komu í Frjálslynda flokkinn.¹⁵⁹ Í stefnuávarpi flokksins sem var samþykkt á landsþingi hans árið 2001 kom líka fram að flokkurinn berðist gegn einokun í viðskiptalífi og stjórnámálum, klíkuveldi, skoðanakúgun, mismunun og ofríki hvers konar gegn þegnum.¹⁶⁰

Frjálslyndi flokkurinn var fyrstur flokka til að opna bókhald sitt og segja frá þeim sem styrktu flokkinn um 300 þúsund krónur eða meira. Aðrir flokkar fylgdu í kjölfarið.¹⁶¹ Sú staðreynd að flokkurinn sat allan sinn tíma í stjórnarandstöðu á Alþingi gerði það að verkum að erfitt var að koma málum sínum áfram. Þá áttu stjórnarflokkar það til að ganga framhjá flokknum þegar skipað var í nefndir. Dæmi um það var þegar skipuð var nefnd til að endurskoða lög um stjórn fiskveiða haustið 1999, en í henni áttu allir stjórn málaflokkar fulltrúa nema Frjálslyndi flokkurinn.¹⁶²

¹⁵⁷ *Morgunblaðið*, „Öflugir frambjóðendur verða um allt land,“ 26. janúar 1999.

¹⁵⁸ *Frjálslyndi flokkurinn*, „Stjórn málayfirlýsing Frjálslynda flokksins, 19. og 20. Mars 2010,“ http://xf.is/index.php?option=com_content&view=article&id=88&Itemid=18 (sótt 30. maí 2013).

¹⁵⁹ *Morgunblaðið*, „Tekur tvö ár að komast úr núverandi kerfi,“ 25. september 1998.

¹⁶⁰ *Morgunblaðið*, „Stefnt að framboði í næstu sveitarstjórnarkosningum,“ 23. janúar 2001.

¹⁶¹ *Dagblaðið Vísir*, „Samfylkingin og VG opna bókhald sitt,“ 22. mars 2002. Bls. 6.

¹⁶² *Morgunblaðið*, „Frumvarp fyrir Alþingi eftir tvö ár,“ 29. september 1999.

Flokkurinn vildi breyta styrkjakerfi í landbúnaði og vildi láta reyna á hvort íslenskur landbúnaður gæti staðið undir sér án beinna afskipta hins opinbera af framleiðslunni.¹⁶³ Hann vildi einnig afnema verðtrygginguna og taldi að það væri mikilvægur liður í að koma varanlegum stöðugleika á verðlag í landinu. Vextir myndu lækka og trúverðugleiki gjaldmiðilsins aukast.¹⁶⁴ Mikil umræða varð fyrir alþingiskosningarnar 2007 um stefnu Frjálslynda flokksins í málefnum innflytjenda. Vildi flokkurinn að undanþága í EES-samningnum, varðandi innflutning verkafólks, yrði nýttur og hann takmarkaður. Stjórnvöldum bæri skylda til að hjálpa fólki að aðlagast íslensku samfélagi, t.d. með íslenskukennslu. Aðbúnaður verkafólks yrði að vera mannsæmandi o.s.frv.¹⁶⁵ Í auglýsingum flokksins var þeim spurningum velt upp hvort kaup og kjör íslenskra iðnaðar- og byggingaverkamanna væru lægri vegna fjölda erlendra starfsmanna í þeim greinum. Einnig efaðist flokkurinn um að innviðir samfélagsins væru í stakk búnir til að taka á móti ótakmörkuðum innflutningi erlends vinnuafis. Fór málflytningur nokkurra forystumanna flokksins sérstaklega fyrir brjóstið á andstæðingum þeirra. Bar þar líklega hæst grein Jóns Magnússonar, sem þá var nýlega genginn til liðs við flokkinn, sem bar heitið *Ísland fyrir Íslendinga*.¹⁶⁶

Eins og áður kemur fram áttu átök innan flokksins sennilega stærstan þátt í að flokkurinn hlaut ekki náð fyrir augum kjósenda í alþingiskosningunum vorið 2009. Samt sem áður má ekki líta framhjá því að aðrir flokkar, Samfylking og Vinstrihreyfingin – grænt framboð, höfðu fyrir kosningarnar sett afnám kvótakerfisins á stefnuskrár sínar.¹⁶⁷ Þar með hafði Frjálslyndi flokkurinn misst sérstöðu sína í helsta baráttumáli sínu.

¹⁶³ Frjálslyndi flokkurinn, *Málefnahandbók* (Reykjavík: Frjálslyndi flokkurinn, 2006), 7.

¹⁶⁴ *Frjálslyndi flokkurinn*, „Helstu tillögur og áherslur Frjálslynda flokksins í efnahags- og atvinnumálum,“ http://www.vefurinn.is/xf.is/default.asp?sid_id=43878&tld=1 (sótt 30. maí 2013).

¹⁶⁵ *Frjálslyndi flokkurinn*, „Stjórnmalayfirlýsing samþykkt á landsþingi Frjálslynda flokksins 2007,“ http://www.vefurinn.is/xf.is/default.asp?sid_id=30081&tre_rod=007|&tld=1 (sótt 30. maí 2013).

¹⁶⁶ Egill Helgason, „Frjálslyndi flokkurinn og rasisminn, fjárfestingar útlandinga,“ *visir.is*, 3. Apríl 2007. <http://www.visir.is/article/20070403/SKODANIR02/70403090/1080> (sótt 30. maí 2013).

¹⁶⁷ Björn Jóhann Björnsson, „Togast á um kvótakerfi,“ *Morgunblaðið*, 9. apríl 2009.

8. Niðurstöður

Í þessari ritgerð hefur verið fjallað um fimm framboð sem komið hafa fram á Íslandi síðastliðin 70 ár eða svo. Það hefur verið gert í von um að geta varpað ljósi á hver markmið nýrra framboða á Íslandi séu. Tilgátan var fengin frá Anthony Downs sem hélt því fram að til væru tvær tegundir nýrra stjórnmálaflokka. Þeir sem ætla sér að vinna kosningar til að komast til valda eða í valdastöður, og þeir sem vilja þrýsta á breytingar á ákveðnu sviði eða sviðum með einhverjum hætti.

Út frá sögu og hugmyndafræði framboðanna sem fjallað hefur verið um á síðunum hér á undan er niðurstaðan sú að ný íslensk framboð séu frekar hugsjónaframboð, ef svo má segja, en framboð sem er knúið áfram af þorsta í völd. Hægt væri að flokka öll framboðin sem einhverskonar einmálefnisframboð, þ.e. að áhersla þeirra hafi verið á eitt einstakt málefni sem veitti þeim sérstöðu á hinu pólitiska sviði. Þjóðveldismenn lögðu mikla áherslu á þjóðveldishugmyndir sínar í tengslum við ný stjórnskipunarlög. Þjóðvarnarflokkurinn barðist fyrst og fremst gegn veru bandaríska varnarliðsins á Íslandi. Framboðsflokkurinn var svo algjörlega einstakur í ádeilu sinni á það sem honum fannst vera stöðnuð stjórnámál. Samtök um Kvinnalista réðust gegn feðraveldinu og vildu auka veg kvenna í stjórnmálum, og Frjálslyndi flokkurinn barðist lengi vel einsamall gegn kvótakerfinu.

Þrátt fyrir að þrjú framboð af þeim sem fjallað var um hafi komist inn á þing, í lengri eða skemmri tíma, var Kvinnalistinn það eina sem komst einhverju sinni yfir 10%. Það sýnir að þau voru ansi langt frá því að komast til mikilla valda. Framboðin þrjú voru til að mynda alltaf minnstu flokkarnir á þingi. Þrátt fyrir það reyndu þau áfram að vinna sínum baráttumálum brautargengi. Framboðin missa svo fylgi sitt, og falla jafnvel af þingi, þegar einhver af fjórflokkunum taka upp stefnu litla framboðsins. Í tilviki Þjóðvarnarflokksins gerðist það 1956 þegar Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu um brotthvarf hersins. Í kosningunum þá um vorið féll flokkurinn af þingi. Kvinnalistinn sótti í sig veðrið á milli kosninga til að byrja með, en undir lok hans var hann kominn undir kjörfylgi sitt í fyrstu kosningum sínum. Þá hafði líka konum fjölgað, bæði á listum fjórflokksins og á Alþingi auk þess sem að jafnrétti hafði ratað inn á stefnuskrár hinna flokanna. Slæm staða Frjálslynda flokksins árið 2009, vegna deilna innan flokksins, var svo kannski gerð vonlaus þegar Samfylking og Vinstri Græn tóku að ræða um breytingar kvótakerfinu. Því má segja að þegar einhver fjórflokkur tekur upp helsta stefnumál framboðsins verði róðurinn þungur. Það er svo annað mál hvernig fjórflokknum tekst til að koma þessum málum áfram, og er jafnvel efni í rannsókn.

þarf heldur að álíta þau málalok slæm? Geymum aðeins að velta okkur upp úr líkum á því að þau stefnumál, sem einhver fjórflokkanna ættleiðir frá litlu framboði, verði einhverntíma að veruleika. Þá ætti hugmyndin sjálf um að stjórnarmenn flokkur taki upp helsta baráttumál þitt, að vera góð. Það ætti að hafa í för með sér að líklegra er að eitthvað verði gert, því þingstyrkur flokksins er meiri. Yfir því yrðu þau framboð, sem hafa að markmiði að þrýsta á breytingar í gegnum kerfið ánægð.

Við ritun þessarar ritgerðar var áhugavert að sjá tengslinn á milli Þjóðveldismanna, Þjóðvarnar-flokksins og Samtaka Frjálslyndra og vinstri manna. Það mætti segja rennsli manna og hugmynda á milli þessara framboða. Hefði verið gaman að taka Samtökin með, en tímans og rúmsins vegna var það ekki hægt að þessu sinni. Þessi þrjú framboð ein og sér og tengsl þeirra væri jafnvel áhugavert ritgerðarefni fyrir áhugasaman einstakling.

Framboðin sem hér eru rædd fjalla öll um spillingu eða stöðnun í stefnu sinni eða hugmyndafræði. Framboðslistinn talaði um staðnað stjórnmalakerfi, þar sem sömu frasarir og loforðin fengju líf fyrir hverjar kosningar. Kvinnalistinn talaði og barðist gegn stöðnuðu feðraveldi, á meðan hin framboðin þrjú bentu á spillta stjórnmalaflokka. Þessi sömu þrjú framboð; Þjóðveldismenn, Þjóðvarnarflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn, höfðu öll skoðanir á stjórnskrármálum. Þar standa þó Þjóðveldismenn örlítið út úr, aðallega vegna þess hve flóknar hugmyndir þeirra voru. Svo flóknar raunar að þeir skyldu þær ekki sjálfir allir, eins og áður hefur komið fram. Þjóðvarnarflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn lögðu þó báðir áherslu á kjördæmamál, þar sem Frjálslyndi flokkurinn vildi gera landið að einu kjördæmi, en Þjóðvarnarflokkurinn að fimm til sex. Hafa verður þó í huga að þá voru kjördæmin mun fleiri en í tíð Frjálslyndra og kjördæmakerfið flóknara. Að sama skapi tala bæði framboð um að ákveðin hluti kjósenda geti kallað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu. Aftur er stigsmunur, sem er skiljanlegt, á tillögum framboðanna. Frjálslyndir töluðu um 15% kjósenda gætu kallað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu í einstökum málum, en Þjóðvarnarmenn tala um 20% þyrftu að kalla eftir henni vegna laga sem Alþingi hefur afgreitt. Það sem er þó einna merkilegast er að tillögur þessara tveggja framboða koma fram með u.þ.b. hálftrar aldar millibili.

Athyglisvert er að í framboðunum fjórum, sem störfuðu í yfir mánuð, kom á einhverjum tíma upp ágreiningur. Í sumum tilvikum væri hægt að segja að um valdabaráttu hafi verið um að ræða, en í öðrum tilvikum var ágreiningurinn málefnalegs eðlis. Hver næstu skref skyldu vera, hvort breyta ætti hugmyndafræðinni og svo framvegis. Þegar um hreina valdabaráttu á milli einstaklinga er að ræða væri hægt að túlka það sem þrá þeirra, í það minnsta, til að

komast í valdastöður. Hjá Þjóðveldismönnum snérist ágreiningurinn að mestu leyti um Árna frá Múla, þar sem að ýmsir voru ekki ánægðir með þann skjóta frama sem hann hafði fengið innan þeirra félagsskapar. Þrátt fyrir að upptöð hafi á endanum verið í kringum ákvörðun hans í bæjarstjórn Reykjavíkur, er ekki fráleitt að halda því fram að þar hafi tækifærið verið notað. Hvaða völd menn vonuðust eftir innan Þjóðveldismanna er þó erfitt að gera sér í hugarlund, enda flokkurinn nýlega búinn að fá slæma útreið í alþingiskosningum þegar þarna var komið við sögu. Þjóðvarnarflokkurinn klofnaði vegna ágreinings um hvort ganga ætti til samstarfs við Sósíalista. Þar var greinilega um hugmyndafræðilegan ágreining að ræða. Innan Kvinnalistans var tvímælalaust vægasti ágreiningurinn, og segja má að hann hafi jafnvel að mestu leyti snúist um praktísk atriði, þ.e. hvernig væri best að koma stefnunni sem best á framfæri. Saga Frjálslynda flokksins verður að teljast nánast eitt samfellt bræðravíg. Ótrúlegt má jafnvel teljast að flokkurinn hafi þó náð þeim árangri sem hann þó náði. Í þeim illindum sem áttu sér hvað eftir annað stað innan flokksins var um allar gerðir að ræða. Þar var persónuleg illindi milli manna, þegar Gunnar Örlygsson fer úr flokknunum vegna þess að honum kom illa saman við Magnús Þór varaformann. Telja verður baráttuna á milli Sverris Hermannssonar og Bárðar Halldórssonar um formannsembættið í flokknunum í upphafi sem valdabaráttu. Þá gekk Margrét Sverrisdóttir úr flokknunum þegar hún taldi sig ekki lengur geta stutt stefnu flokksins. Hugmyndafræðilegir ágreiningar virðast þó almennt vera algengari í tilvikum framboðanna fjögurra.

Þrátt fyrir að undirritaður hafi komist að þeirri niðurstöðu að ný framboð á Íslandi hafi það fyrst og fremst að markmiði að þrýsta á breytingar en ekki að sækjast eftir að komast í valdastöður, eru skilin þarna á milli ef til vill ekki nógu skýr. Einhver gæti litið á það sem nokkurs konar vald að hafa haft þau áhrif á fjórflokkinn að hann tæki upp stefnumál sitt. Um það verður ekki deilt, en þá er minnt á orð Downs um að maðurinn, og stjórnmalaflokkar, leitist alltaf við að hámarka hagnað sinn. Fyrir stjórnmalaflokka hlýtur mestur hagnaður að vera fólgin í setu í ríkisstjórn.

Þá má heldur ekki gleyma því að í þessari ritgerð var aðeins fjallað um brot af þeim „fimmtu flokkum“ sem komið hafa fram. Tveir þeirra flokka, sem ekki voru skoðaðir hér, sátu t.a.m. í ríkisstjórn og höfðu jafnvel afgerandi þýðingu í ýmsum málum. Það er því ekki hægt að setja alla „fimmtu flokkana“ undir sama hatt á grundvelli þessarar umfjöllunar. Skoða þyrfti sem flesta af þeim flokkum og framboðum sem falla undir skilgreiningu „fimmta flokksins“ til að sem best niðurstaða fengist. Vonandi er þó rannsókn þessi skref í þá átt.

Heimildaskrá

- Agnar Kl. Jónsson. *Stjórnarráð Íslands 1904-1964*. Reykjavík: Sögufélag, 1969.
- Alþingi. *Handbók Alþingis 2007*. Reykjavík: Skrifstofa Alþingis, 2008.
- Alþingisvefurinn. „Bergur Sigurbjörnsson – æviágrip.“
<http://www.althingi.is/alttext/cv/?nfaerslunr=57> (sótt 29. maí 2013).
- Alþingisvefurinn. „Gils Guðmundsson – æviágrip.“
<http://www.althingi.is/alttext/cv/?nfaerslunr=164> (sótt 29. maí 2013).
- Alþingisvefurinn. „Guðrún Agnarsdóttir – æviágrip.“
<http://www.althingi.is/alttext/cv/?nfaerslunr=200> (sótt 29. maí 2013).
- Alþingisvefurinn. „Ingibjörg Sólrún Gísladóttir – æviágrip.“
<http://www.althingi.is/alttext/cv/?nfaerslunr=264> (sótt 29. maí 2013).
- Alþingisvefurinn. „Kristín Halldórsdóttir – æviágrip.“
<http://www.althingi.is/alttext/cv/?nfaerslunr=390> (sótt 29. maí 2013).
- Alþingisvefurinn. „Sverrir Hermannsson - æviágrip.“
<http://www.althingi.is/alttext/cv/?nfaerslunr=573> (sótt 29. maí 2013).
- Alþýðublaðið*. „Minningarorð: Halldór Jónasson frá Eiðum.“ 18. janúar 1966.
- Anna Sveinbjarnardóttir. „Heimspeki er nauðsynleg lífinu!“ *Morgunblaðið*, 31. janúar 1993.
- Árni Þórarinnsson. „Framboð aldarinnar?“ *Vísir*. 15. apríl 1978.
- Björn Jóhann Björnsson. „Togast á um kvótakerfi.“ *Morgunblaðið*, 9. apríl 2009.
- Broddi Broddason. „Þjóðveldismenn 1941-1945: Flokksstarf og blaðaútgáfa.“ B.A ritgerð (óbirt), Háskóli Íslands, 1977.
- Dagblaðið Vísir*. „Á Sverrir Hermannsson að verða formaður Frjálslynda flokksins?“ 24. nóvember 1998.
- Dagblaðið Vísir*. „Bankastjórnarnir hættir.“ 14. apríl 1998.
- Dagblaðið Vísir*. „Fermingarveislan fyllti mælinn.“ 13. maí 2005.
- Dagur*. „Frjálsar krókaveiðar.“ 25. september 1998.
- Dalton, Russell J. *Citizen politics: Public opinion and political parties in advanced industrial democracies*. 3. útg. New York: Chatham House Publishers, 2002.
- Davíð Roach Gunnarsson. „*Af agnarsmáum byltingum*.“ B.A. ritgerð (óbirt), Háskóli Íslands, 2010.
- Downs, Anthony. *An economic theory of democracy*. New York: Harper & Row, 1957.

Egill Helgason. „Frjálslyndi flokkurinn og rasisminn, fjárfestingar útlendinga.“ *visir.is*, 3. Apríl 2007. <http://www.visir.is/article/20070403/SKODANIRO2/70403090/1080> (sótt 30. maí 2013).

Fréttablaðið. „Magnús Þór varaformaður.“ 28. janúar 2007.

Fréttablaðið. „Margrét vildi ekki í varaformanninn.“ 6. mars 2005.

Frjáls þjóð. „Aðild að Efnahagsbandalagi – endalok íslenzks sjálfstæðis.“ 22. september 1962.

Frjáls þjóð. „Alger nýskipan efnahagslífsins.“ 30. nóvember 1957.

Frjáls þjóð. „Ályktun landsfundarins.“ 16. janúar 1960.

Frjáls þjóð. „Ávarp til lesenda.“ 6. september 1952.

Frjáls þjóð. „Framboðslisti Þjóðvarnarflokks Íslands í Reykjavík.“ 14. maí 1953.

Frjáls þjóð. „Framboðslisti Þjóðvarnarflokksins í Reykjavík.“ 23. maí 1959.

Frjáls þjóð. „Hlutleysisstefnan verði tekin upp aftur og lýst yfir ævarandi vopnaleyfi þjóðarinnar.“ 8. maí 1953.

Frjáls þjóð. „Landsfundur Þjóðvarnarflokks Íslands markar stefnu í atvinnu- og efnahagsmálum.“ 8. maí 1953.

Frjáls þjóð. „Landsfundur Þjóðvarnarflokks Íslands markar stefnu í félags- og stjórnarskrármálum.“ 14. maí 1953.

Frjáls þjóð. „Meiri herseta „sjálfstæðishugsjón“ íhaldsins.“ 7. apríl 1956.

Frjáls þjóð. „Ný alda er risin.“ 26. júní 1953.

Frjáls þjóð. „Stjórn málaályktun.“ 22. september 1962.

Frjáls þjóð. „Yfirlýsing Þjóðvarnarflokksins.“ 20. apríl 1963.

Frjáls þjóð. „Þjóðvarnarflokkur Íslands stofnaður sl. Sunnudagskvöld.“ 17. mars 1953.

Frjáls þjóð. „Þjóðvarnarmenn svara með því að fylkja liði til nýrrar sóknar.“ 30. júní 1956.

Frjálslyndi flokkurinn. „Helstu tillögur og áherslur Frjálslynda flokksins í efnahags- og atvinnumálum.“ http://www.vefurinn.is/xf.is/default.asp?sid_id=43878&tld=1 (sótt 30. maí 2013).

Frjálslyndi flokkurinn. „Stjórn málayfirlýsing Frjálslynda flokksins, 19. og 20. Mars 2010.“ http://xf.is/index.php?option=com_content&view=article&id=88&Itemid=18 (sótt 30. maí 2013).

- Frjálslyndi flokkurinn. „Stjórn málayfirlýsing samþykkt á landsþingi Frjálslynda flokksins 2007.“ http://www.vefurinn.is/xf.is/default.asp?sid_id=30081&tre_rod=007|&tld=1 (sótt 30. maí 2013).
- Frjálslyndi flokkurinn. *Málefnahandbók*. Reykjavík: Frjálslyndi flokkurinn, 2006.
- Guðmundur Rúnar Heiðarsson. „Brigslyrðin ganga á víxl.“ *Dagur*, 27. nóvember 1998.
- Guðmundur Rúnar Heiðarsson. „Sverrir hótar málsókn.“ *Dagur*, 19. október 2000.
- Gunnar Helgi Kristinsson. *Íslenska stjórnkerfið*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2007.
- Gunnlaugur Ástgeirsson. „Framboðsflokkurinn 1971: O-flokkurinn.“ *Saga* 30 (1992): 245-300.
- Hagstofa Íslands. „Kosningaúrslit í alþingiskosningum eftir kjördæmum 1959-1999.“ Kosningar.
<http://www.hagstofa.is/?PageID=829&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=KOS02121%26ti=%26Arslit+a%26Eingiskosninga+1963%2D2009+++%26path=../Database/kosningar/althu rslit/%26lang=3%26units=Fj%26ldi/hlutfall>
- Hagstofa Íslands. *Forsetakjör 1996*. Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1997.
- Hagstofa Íslands. *Hagtíðindi: Kosningar*. Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2002.
- Hagstofa Íslands. *Hagtíðindi: Kosningar*. Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2004.
- Hagstofa Íslands. *Hagtíðindi: Kosningar*. Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2005.
- Hagstofa Íslands. *Hagtíðindi: Kosningar*. Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2008.
- Hagstofa Íslands. *Hagtíðindi: Kosningar*. Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2009.
- Hagstofa Íslands. *Hagtíðindi: Kosningar*. Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2010.
- Hagstofa Íslands. *Kosningaskýrslur*. Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1988.
- Halldór Jónasson. *Þjóðríkið: endurreisn þess á Íslandi*. Reykjavík, 1942.
- Helga Kress. „Hvers má sín ein kona gagnvart 19 karlmönnum?“ *Þjóðviljinn*, 18. júlí 1981.
- Helga Sigurjónsdóttir. „Kvennalistinn – hvers konar afl?“ *Vera* 7. árg. 3. tbl. (1988): 5-8.
- Herngren, Maria, Eva Swedenmark og Annica Wennström. *Gegnum glerþakið: Valdahandbók fyrir konur*. Þýðandi Björg Árnadóttir. Reykjavík: Kvennréttindafélag Íslands, 1999.
- Hindmoor, Andrew. „Rational choice.“ Í *Theory and methods in political science*, 3.útg. ritstýrt af David Marsh og Gerry Stoker, 42-59. Basingstoke: Palgrave Macmillan, 2010.
- Jón Birgir Pétursson. „Út úr pólitík af ótta við Jóhönnu.“ *Dagblaðið Vísir*, 19. desember 1998.
- Katz, Richard S. „Party in democratic theory.“ Í *Handbook of party politics*, ritstýrt af Richard S. Katz og William Crotty, 34-46. London: SAGE, 2005.
- Kristín Ástgeirsdóttir. „Aftur á byrjunarreit.“ *Vera* 14. árg. 2. tbl. (1995): 6-7.

- Kristín Ástgeirsdóttir. „Hvert liggja ræturnar.“ *Vera* 7 (1988): 9-12.
- Kristín Ástgeirsdóttir. „Kvennalistinn og félagshyggjuöflin.“ *Morgunblaðið*, 7. september 1997.
- Kristín Erla Benediktsdóttir. „Kvennalistinn: „Saga mikilla átaka, saga sigra og ósigra, saga gleði og vonbrigða“.“ B.A. ritgerð (óbirt), Háskóli Íslands, 2011.
- Kristín Jónsdóttir. „Hlustaðu á þína innri rödd“ *Kvennaframboð í Reykjavík og Kvennalisti 1982-1987*. Reykjavík: Sögufélag, 2007.
- Landskjörstjórn. „Úrslit og úthlutun þingsæta.“ Alþingiskosningar 2013. [http://www.landskjoer.is/media/frettir/Urslit_uthlutun_thingmenn_2013\(1\).pdf](http://www.landskjoer.is/media/frettir/Urslit_uthlutun_thingmenn_2013(1).pdf) (sótt 27. maí 2013).
- Morgunblaðið*. „„Frjálslyndi flokkurinn er heillum horfinn“.“ 30. janúar 2007.
- Morgunblaðið*. „„Sannfæring okkar mun keyra okkur áfram til sigurs“.“ 10. mars 2003.
- Morgunblaðið*. „Fiskveiðistefna Frjálslynda flokksins.“ 6. mars 1999.
- Morgunblaðið*. „Frumvarp fyrir Alþingi eftir tvö ár.“ 29. september 1999.
- Morgunblaðið*. „Genginn til liðs við Frjálslynda.“ 14. mars 2009.
- Morgunblaðið*. „Heildarúrslit í kaupstöðum.“ 25. maí 1982.
- Morgunblaðið*. „Kosningaúrslit í Reykjavík.“ 7. júlí 1942.
- Morgunblaðið*. „Nýr þingmaður Frjálslyndra.“ 22. janúar 2007.
- Morgunblaðið*. „Stefnt að framboði í næstu sveitarstjórnarkosningum.“ 23. janúar 2001.
- Morgunblaðið*. „Tekur tvö ár að komast úr núverandi kerfi.“ 25. september 1998.
- Morgunblaðið*. „Valdimar Jóhannsson.“ 3. febrúar 1999.
- Morgunblaðið*. „Yfirgefur Framsókn.“ 9. febrúar 2007.
- Morgunblaðið*. „Öflugir frambjóðendur verða um allt land.“ 26. janúar 1999.
- Ragnar Árnason. „Þjóðvarnarflokkur Íslands.“ B.A. ritgerð (óbirt), Háskóli Íslands, 1974.
- Ruv.is. „Dögun skal hún heita.“ *ruv.is*, 18. mars 2012. <http://www.ruv.is/frett/dogun-skal-hun-heita> (sótt 30. maí 2013).
- Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. „Þá féndur fallast í faðma.“ *Morgunblaðið*, 5. febrúar 1987.
- Snara íslensk alfræðiorðabók á netinu. „Þjóðveldi.“ <http://snara.is/8/s8.aspx> (sótt 8. maí 2013).
- Sólveig Ólafsdóttir. „Kvennalistinn: Tímabundin aðgerð.“ *Alþýðublaðið*, 9. júlí 1988.
- Svanur Kristjánsson. *Frá flokksræði til persónustjórn mála: Fjórflokkarnir 1959-1991*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 1994.

Þjóðólfur. „Ávarp Þjóðveldismanna.“ 8. júní 1942.

Þjóðólfur. „Er ekki tími þjóðræðisins einmitt nú að renna upp?“ 31. desember 1942.

Þjóðólfur. „Flokkur, sem vill afnema flokka.“ 27. júlí 1942.

Þjóðólfur. „Nú landsmálasamtök taka þátt í kosningum hér í Reykjavík 5. júlí n.k.“ 8. júní 1942.

Þjóðólfur. „Stefnumál I.“ 19. apríl 1943.

Þjóðólfur. „Stefnuskrá Þjóðólfs.“ 17. júní 1941.

Þjóðólfur. „Stórkapítalisminn úr sögunni og sósíalisminn sömuleiðis.“ 16. ágúst 1943.

Þjóðólfur. „Straumhvörf.“ 11. janúar 1943.

Þjóðólfur. „Þjóðinni er lífsnauðsynlegt að innanlandsfriður komist á.“ 7. desember 1942.

Þorgerður Einarsdóttir. „„Hið vísindalega er pólitískt“: Femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga.“ Í *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*, ritstýrt af Þóroddi Bjarnasyni og Helga Gunnlaugssyni, 200-225. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004.

Þórhildur Þorleifsdóttir. „Er Kvennalistinn á leið út úr íslenskum stjórnámum?“
Morgunblaðið, 9. júní 1990.

Fylgiskjal 1

Fylgi allra þeirra framboða, utan fjórflokksins, sem boðið hafa fram í alþingiskosningum frá 1930.

Ár	Nafn framboðs	Fylgi í prósentum	Þingsæti
1934	Bændaflokkur	6,4	3
	Þjóðernissinnar	0,7	-
1937	Bændaflokkur	6,1	2
	Þjóðernissinnar	0,2	-
1942*	Þjóðveldismenn	1,1	-
	Frjálslyndir vinstri menn	0,2	-
1942**	Þjóðveldismenn	2,2	-
1946	Framsóknarmenn (E-listi)	0,53	-
1953	Þjóðvarnaflokkurinn	6	2
	Lýðveldisflokkurinn	3,3	-
1956	Þjóðvarnaflokkurinn	4,5	-
1959*	Þjóðvarnaflokkurinn	2,5	-
1959**	Þjóðvarnaflokkurinn	3,4	-
1963	Mýneshreyfingin	0,2	-
1967	I-listi	3,66	1
1971	Framboðsflokkurinn	2	-
	Samtök Frjálslyndra og vinstri manna	8,9	5
1974	Samtök Frjálslyndra og vinstri manna	4,6	2
	Fylkingin – baráttusamtök sósíalista	0,2	-
	Kommúnistasamtökin	0,1	-
	Lýðræðisflokkurinn í Reykjavík	0,1	-
	Lýðræðisflokkurinn í Norðurlandskjördæmi eystra	0	-
	Lýðræðisflokkurinn í Reykjaneskjördæmi	0	-
1978	Samtök Frjálslyndra og vinstri manna	3,3	-
	Stjórnmalaflokkur	0,4	-
	Fylkingin	0,2	-
	Kommúnistaflokkur Íslands	0,1	-
	Óháðir kjósendur í Vestfjarðakjördæmi	0,63	-
	Óháðir kjósendur í Reykjaneskjördæmi	0,48	-
	Óháðir kjósendur í Suðurlandskjördæmi	0,38	-
1979	Fylkingin	0,4	-
	Hinn flokkurinn	0,1	-
	Sólskinsflokkurinn	0,1	-
1983	Bandalag Jafnaðarmanna	7,3	4
	Samtök um Kvinnalista	5,5	3
1987	Bandalag Jafnaðarmanna	0,2	-
	Samtök um Kvinnalista	10,1	6
	Borgaraflokkurinn	10,9	7
	Samtök um Jafnrétti og Félagshyggju	1,2	-
1991	Samtök um Kvinnalista	8,28	5

	Þjóðarflokkur/ Flokkur mannsins	1,82	-
	Frjálslyndir	1,22	-
	Heimastjórnarsamtök	0,62	-
	Grænt framboð	0,32	-
	Öfgasinnaðir Jafnaðarmenn	0,29	-
	Verkamannaflokkur Íslands	0,06	-
1995	Samtök um Kvinnalista	4,87	3
	Þjóðvaki	7,15	4
	Suðurlandslistinn	0,67	-
	Náttúrugaflokkur	0,58	-
	Vestfjarðalistinn	0,43	-
	Kristileg stjórn málahreyfing	0,19	-
1999	Frjálslyndi flokkurinn	4,17	2
	Húmanistaflokkurinn	0,45	-
	Kristilegi lýðræðisflokkurinn	0,27	-
	Anarkistar á Íslandi	0,12	-
2003	Frjálslyndi flokkurinn	7,38	4
	Nýtt afl	0,98	-
	Óháðir í Suðurkjördæmi	0,46	-
2007	Frjálslyndi flokkurinn	7,26	4
	Íslandshreyfingin	3,27	-
2009	Frjálslyndi flokkurinn	2,22	-
	Borgarahreyfingin	7,22	4
	Lýðræðishreyfingin	0,59	-
2013	Þjört Framtíð	8,25	6
	Píratar	5,1	3
	Flokkur heimilanna	3,02	-
	Dögun	3,1	-
	Lýðræðisvaktin	2,46	-
	Hægri grænir	1,73	-
	Regnboginn	1,07	-
	Landsbyggðarflokkur	0,17	-
	Sturla Jónsson K-listi	0,12	-
	Húmanistaflokkur	0,07	-
	Alþýðufylkingin	0,06	-

* Sumarkosningar ** Haustkosningar